Deiliskráning á línustæði fyrir ljósleiðara í Eyja og Miklaholtshreppi



Stefán Ólafsson

FS610-16101
Reykjavík

© Fornleifastofnun Íslands
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551-1033
Fax: 551-1047
Veffang: fsi@instarch.is

Samantekt

Í lok apríl 2016 fór Eggert Kjartansson oddviti í Eyja- og Miklaholtshreppi þess á leit við Fornleifastofnun Íslands ses að stofnunin tæki að sér deiliskráningu vegna lagningu ljósleiðara í hreppnum vegna kröfu Minjastofnunar Íslands um slíka skráningu. Skráningin var unnin í byrjun maímánaðar og skiptist skráningarsvæðið í sjö hluta sem hefur áhrif á lönd tíu jarða. Þetta eru jarðirnar: Hrossholt MH-230, Kolviðarnes MH-231, Hausthús MH-232, Söðulsholt MH237, Gerðuberg MH-242, Hrísdalur MH-252, Dalur MH-253, Miklaholt MH-264, Sel MH-265 og Syðra-Skógarnes MH-266. Þar sem áætlað línustæði ljósleiðarans fór yfir sýnilegar fornleifar voru gerðar tillögur að breytingu á línustæðinu en það fer þó engu að síður í gegnum gömul heimatún á Söðulsholti, Hrossholti, Kolviðarnesi, Miklaholti, Hausthúsum, Syðra-Skógarnesi og Hrísdal, í mismiklum mæli þó.

Efnisyfirlit


1. Inngangur 5
Deiliskipulagsuppdráttur af skráningarsvæðinu 4
2. Deiliskráningarsvæðin 7
3. Saga fornleifaskráningar og löggjöf. 8
4. Fornleifaskrá 10
5. Niðurstöður 48
Heimildir 52
Minjakort 54

1. Inngangur

Í lok apríl 2016 fór Eggert Kjartansson oddviti í Eyja- og Miklaholtshreppi þess á leit við Fornleifastofnun Íslands ses að stofnunin tæki að sér deiliskráningu vegna lagningu ljósleiðara í hreppnum vegna kröfu Minjastofnunar Íslands um slíka skráningu. Skráningin var unnin í byrjun maímánaðar og sá Stefán Ólafsson fornleifafræðingur um hana. Ólafur Guðmundsson fyrrverandi skipulagsfulltrúi hreppsins lagði til skipulagsuppdrátt og hnit sem unnið var eftir. Stefán Ólafsson fornleifafræðingur og Eggert Kjartansson oddviti áttu fund 2. maí 2016 þar sem Eggert tiltók nákvæmlega hvaða hlutar línustæðisins skyldu deiliskráðir og eru það sjö aðskildir hlutar en nánari grein er gerð fyrir þeim í kafla 2. Á fundinum kom fram vilji sveitarfélagsins til að hlífa öllum þeim fornleifum sem kynnu að lenda í línustæði ljósleiðara, samkvæmt áætlaðri legu hans enda taldi sveitarfélagið að í flestum tilfellum ætti hreinlega að vera hægt að breyta legu línustæðisins þar sem ljóst væri að hún myndi raska fornleifum. Samkomulag var því um að þar sem slíkt kæmi í ljós yrði nánasta umhverfi línunnar gengið og fornleifafræðingur myndi svo leggja til færslu þannig að línulögnin ógnaði ekki fornleifum, svo framarlega sem það væri hægt.

Í skýrslunni er ekki unnið með hnitsettar loftmyndir heldur var skipulagsuppdrátturinn allur í heild sinni hnitsettur handvirkt. Þetta kann að leiða til þess að greina megi skekkju milli hnita og skipulagsuppdráttar en þetta hefur engin áhrif á innbyrðis afstöðu hnita.

Í fornleifaskránni, sem er í kafla 4, eru sumar málsgreinar hafðar með daufu gráu letri, þetta eru umfjallanir um fornleifar sem til eru upplýsingar um á tiltekinni jörð en sem hafa ekki verið skráðar á vettvangi.



Bleiku línurnar sýna línustæðin sem voru gengin. Þeim hafa verið gefin aðgreinandi heiti frá Hluta 1-7 til að auðvelda umfjöllun.

2. Deiliskráningarsvæðin

Deiliskráningarsvæðið er línustæði í Eyja- og Miklaholtshreppi sem er í heildina 25,8 km langt en skiptist í sjö aðskilda hluta.
Fyrsti hluti liggur frá veiðihúsi við Haffjarðará (hnit 1 á skipulagsuppdrætti) og að heimreið á Þverá (hnit 2 á skipulagsuppdrætti). Þessi hluti er tæplega 3,2 km langur.
Annar hluti liggur frá bæjarstæði Söðulsholts að Laugagerðisskóla en hjá Laugagerðisskóla skiptist línulögnin í þrjá hluta; til Hrossholts, til borholu (hnit 70 samkvæmt skipulagsuppdrætti) og til Kolviðarness og þar áfram til Miðholts. Heildarlengd er um 7,9 km.
Þriðji hluti liggur meðfram heimreiðinni að Miklaholtsseli, frá þjóðvegi og að íbúðarhúsi. Heildarlengd er tæplega 250 m.
Fjórði hluti liggur frá Miklholti suður að Deildarlæk (hnit 112 á skiplagsuppdrætti). Þar skiptist línulögnin í tvennt og liggur annar hluti til norðausturs til Hausthúsa en hinn til suðvesturs til bæjarhúsa á Syðra-Skógarnesi og þó aðeins lengra þar sem hún endar innarlega á Hróksnesi. Heildarlengd er 7,1 km.
Fimmti hluti liggur frá þjóðvegi neðan Breiðabliks og að Nýpustöðum (nýbýli hnit 135 á skipulagsuppdrætti). Þessi hluti er samtals um 2,2 km að lengd.
Sjötti hluti liggur frá veiðihúsi í landi Dals til austurs að hniti 234 (sjá deiliskipulagsuppdrátt). Þar skiptist línulögnin í tvennt og liggur annar hluti til suðvesturs að gamla íbúðarhúsinu í Dal en hinn til norðvesturs meðfram Vatnaleið að Múlavirkjun (hnit 259 samkvæmt skipulagsuppdrætti). Samtals er þessi hluti tæplega 4,6 km langur.
Sjöundi hluti er um 580 m að lengd og liggur frá íbúðarhúsum í Hrísdal meðfram heimreið bæjarins og að hniti 223 (sjá skipulagsuppdrátt).
15m breitt belti var skoðað sitt hvoru megin við línustæðið.

3. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980. Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning). Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminja (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað […].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í lögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem það eru vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 24. gr. laga um menningarminjar segir ennfremur: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang[i] fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Komi til björgunaruppgraftar vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst.


Með hliðsjón af ofangreindum lagaákvæðum, er skylt að geta þeirra takmarka sem eru á meðfylgjandi mati: Þrátt fyrir ítarlega heimildarkönnun og vettvangsathugun eru fornleifar þess eðlis að seint verður skorið úr með fullri vissu að við tiltekna framkvæmd sé engin hætta á að áður óþekktar minjar finnist við jarðrask.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

4. Fornleifaskrá

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: MH-102:001).

Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hverrar jarðar. Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna



Dæmi um skráningu á dæmigerðum minjastað.

stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin ISN93) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Miðað er við að frávik frá miðju sé ekki meira en 3 metrar og svo er 15 metra friðhelgt svæði umhverfis

fornleifar samkvæmt 22. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012). Að auki voru gerðar sérstakar uppmælingar á hverjum minjastað þar sem ummerki sáust með gps stöð af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000, þar sem frávik frá miðju er innan við 1 metri. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki. Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga. Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

MH-230 Hrossholt

13 hdr 1714, konungseign. Bænhús byggt hér eftir að Haffjarðareyjarsókn var lögð niður. Jarðarinnar er getið í Heiðarvígasögu. IF III, 233.Jarðarinnar getið í Grettissögu ÍF VII, 193 einnig í Eyrbyggju ÍF IV, 153. “[um 1360]: Jtaka Brieff Hrossholltz.Halluardur Oddzson sellde clostrinu a Helgafelle og Asgrijme abota jordina Hrossholl t. med ollum þeim gognum og giædum sem þar a ad fylgia. ad tiltoldum sierliga skogie þeim er stendur firer sunnan ana firer nedann modruskala hollt og eingi j Sodullzholltz jordu. sem Breff þar vm giorst vottar.” (DI III 138-139; DI VI, 11-12)
Hrossholt átti 8 kúgilda beit í 8 vikur við Hvítuhlíð við land Dalsmynnis, ásamt engjaítaki við Stöðulholtsland. Búskap hætt á jörðinni um 1980, enn búseta þar. Laugargerðisskóli í landi jarðarinnar, á 20 ha.
1920: Tún 3,4 ha, 1/2 sléttað, garðar 100m2. “Bæjarstæðið er á holti sem nú hefur að mestu verið gert að túni.” BS, 272. “Land Hrossholts er af góðri meðalstærð og nær frá Haffjarðará vestur að Núpá. ... Skógrækt var hafin í landi Hrossholts fyrir nokkrum árum.” Snæfellingar og Hnappdælingar II, 20.

MH-230:001 Hrossholt bæjarhóll bústaður 338693 485585
Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóð bærinn norðarlega á heimatúninu og bendir allt til þess að núverandi íbúðarhús byggt 1980 sé á bæjarhólnum.
Bæjarhóllinn er í sléttuðu túni og á honum stendur íbúðarhús ásamt skrautjurtagarði.
Bæjarhóllinn er um 70x50m að stærð og snýr suðvestur og norðaustur. Upphleðsla hans er um 2m.
Heimildir:Túnakort 1920


Bæjarhóll Hrossholts 001, horft til norðvesturs.

MH-230:002 heimild um bænhús
1714: “ Munnmæli segja, að hjer hafi bænhús verið; engin sjást þess merki.”
HROSSHOLT Í EYJAHREPPI (SH) (HAFFJARÐAREYJARÞING) - BÆNHÚS
PP: 1563: Haffjarðareyjarkirkja lögð niður, og lítil kirkja byggð í Hrossholti. “Á árunum 1563-1570 var kirkja í Hrossholti. Var kirkja þessi byggð, þegar kirkjustaður var lagður niður

í Haffjarðarey. Kirkjan stóð þar, sem hlaðvarpinn í Hrossholti er núna. Kirkjugarður hefir einnig staðið þar, en lítill hefir hann hlotið að vera. Tvö leiði var sagt, að þar hefðu sézt." segir í örnefnaskrá
Heimildir:JÁM V, 40; PP, 144; Ö-Akurholt og Hrossholt, 2

MH-230:003 heimild um rétt
Heimildir:Túnakort 1920

MH-230:004 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-230:005 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-230:006 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-230:007 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-230:008 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-230:009 Þinghóll örnefni þingstaður
"Niður á túninu í Hrossholti er hóll, nefndur Þinghóll. Bendir nafnið til þess, að þarna hafi einhvern tíma verið þingstaður, en ekki hefi ég sagnir af því." segir í örnefnaskrá
"Í Hrossholti var þingstaður hreppsins langt fram á 19. öld og mun svo verið hafa um margra alda skeið. En svo var þingstaðurinn færður að Þverá og þar var hann síðan uns samkomuhús var byggt í Dalsmynni 1936." Segir í ábúandasögu Eyja- og Miklaholtshrepps.
Heimildir:Ö-Akurholt og Hrossholt, 2;Snæfellingar og Hnappdælingar II, 2087

MH-230:010 Styrsvarða varða
"Fyrir neðan túnið er Styrkholt, og á því er vörðubrot, kallað Styrsvarða. Langa holtið fyrir sunnan túnið heitir Stekkjarholt. Neðst á því er stekkjarhöfði, en efst Stekkjarhóll." segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Akurholt og Hrossholt, 2

MH-230:011 Stekkjarhóll örnefni stekkur
"Fyrir neðan túnið er Styrkholt, og á því er vörðubrot, kallað Styrsvarða. Langa holtið fyrir sunnan túnið heitir Stekkjarholt. Neðst á því er stekkjarhöfði, en efst Stekkjarhóll." segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Akurholt og Hrossholt, 2


MH-231 Kolviðarnes
16 hdr 1714. Jörðin á land milli Haffjarðarár og Núpár. Smáragerði nýbýli frá 1939-1941.
1714: "Engjar mjög litlar. Landið ilt og magurt til útbeitar bæði sumar og vetur." JÁM V, 47
1920: Tún 3,5 ha, 1/3 slétt, garðar 900m2. "Bæjarstæðið er á stóru holti, sem stendur uppúr láglendinu." BS, 273

MH-231:001 Kolviðarnes bæjarhóll bústaður 336760 482621
Bæjarhóllinn er 25-30m vestan við íbúðarhús á Kolviðarnesi sem byggt er 1981.
Bæjarhóllinn stendur í landi sem hallar til suðvesturs. Bílvegur liggur yfir bæjarhólinn að hluta.
Bæjarhóllinn er 45x45m að stærð og er enn sýnilegur. Þegar ný íbúðarhús og ný útihús voru reist á Kolviðarnesi í byrjun níunda áratug síðustu aldar var gamli bæjarhóllinn lækkaður vegna lagningu vegar milli bæjar og útihúsa. Upphleðsla er samt sýnileg og gæti hún verið um 1m.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Túnakort 1920



Bæjarhóll Kolviðarness 001, horft til austurs

MH-231:002 tóft óþekkt 336922 482690
Tóft er sambyggð túngarði 003 og um 160m norðaustur af bæjarhól 001.
Tóftin er utan heimatúns efst á hrygg sem liggur frá norðaustri til suðvesturs að heimatúni.
Tóftin er 6x5m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur, hún er einföld og er op á báðum göflum. Vegghleðslur eru úr torfi og grjóti, um 60cm á hæð og um 1,5m á breidd. Vegghleðslur eru signar og á kafi í grasi.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Túnakort 1920



Uppdrátturinn sýnir tóft 002



Tóft 002 er sambyggð túngarði 003, horft til suðausturs.

MH-231:003 garðlag túngarður 336917 482685
Garðlagið liggur meðfram norðaustur mörkum gamla heimatúnsins eins og það er afmarkað á túnakorti frá 1920 og því eðlilegt að gera ráð fyrir því að um túngarð sé að ræða. Það er um 130m norðaustan við bæjarhól 001.
Túngarðurinn liggur til suðausturs frá heimreið að Kolviðarnesi upp hrygg sem hefur stefnuna norðaustur suðvestur. Umhverfis garðlagið er þýfður mói.
Garðlagið liggur í norðvestur og suðaustur. Það er 30-100cm á hæð og um 1m á breidd, hlaðið úr torfi og grjóti og á kafi í grasi. Garðlagið er almennt nokkuð sigið en á kafla suðvestan við tóft 002 er það mjög útflatt.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Túnakort 1920



Túngarður 003, horft til norðvesturs.

MH-231:004 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-231:005 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-231:006 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-231:007 heimild um hlöðu
Heimildir:Túnakort 1920

MH-231:008 Fjóshóll örnefni fjós
“Nokkrir hólar eru í túninu, og heitir sá Fjóshóll, sem er norðaustur af bænum, en norðvestur af bænum er Litlihóll.” segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Kolviðarnes, 1

MH-231:009 heimild um fjárhús
“Nokkrir hólar eru í túninu, og heitir sá Fjóshóll, sem er norðaustur af bænum, en norðvestur af bænum er Litlihóll. Loks er Húshóll vestur af bænum, en þar eru nú fjárhús.” segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Kolviðarnes, 1

MH-231:010 Kastalahús heimild um útihús
“Upp í túninu, norðaustur af Fjóshól, er Kastalabrekka, og norðaustur af henni er Kastali. Á brún Kastalabrekkunnar er gamalt refahús, og er það jafnan kallað Kastalahús.” segir í örnefnaskrá
Í svörum við spurningum segir: “Kastalinn er nokkuð langt holt, hækkar nokkuð til austurs og endar þar í klettaröð þverhníptri, er hækkar nokkuð til suðurs.”
Heimildir:Ö-Kolviðarnes, 1; Ö-Kolviðarnes svör við sp, 1

MH-231:011 Fornastekksholt heimild um stekk
“Í áframhaldi af Kastalanum í norðaustur er Fornastekksholt, og er Vondakelda norður af holtinu, en norður af því er Knarrarhóll, en norður af honum er Kolviðarneslaug.” segir í örnefnaskrá
Í svörum við spurningum segir að þar hafi verið greinileg tóftarbrot.
Heimildir:Ö-Kolviðarnes, 1; Ö-Kolviðarnes svör við sp, 1

MH-231:012 Knarrarhóll örnefni
“Í áframhaldi af Kastalanum í norðaustur er Fornastekksholt, og er Vondakelda norður af holtinu, en norður af því er Knarrarhóll, en norður af honum er Kolviðarneslaug.” segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Kolviðarnes, 1

MH-231:013 Bænhúsvað heimild um vað
“Suðvestur af Langanesi er Bænhúsvaðsholt, en suðaustur af því er Bænhúsvaðsgrund, og sunnanvert við hana er Bænhúsvaðsklettar. En á þessum slóðum er vað yfir Haffjarðará, sem heitir Bænhúsvað.” segir í örnefnaskrá
Í svörum við spurningum segir: “Líklegt er af nafninu, að bænahús hafi staðið á grundinni, þó

ekkert sé þar nú, er bendir til þess. Máski hefir þarna verið ferjustaður til forna. Áin er ekki fær nema um fjöru. Þarna verður mikill fjörður um flóð."
Heimildir:Ö-Kolviðarnes, 1-2; Ö-Kolviðarnes svör við sp, 1

MH-231:014 Hádegisvarða varða eyktamark
"Suðvestur af víkinni, er verður fyrir sunnan Langanes, eru smáklettar með vörðum á, og heita þeir Strókar." segir í örnefnaskrá. i svörum við spurningum segir að þetta heiti Hádegisvarða.
Heimildir:Ö-Kolviðarnes, 2; Ö-Kolviðarnes svör við sp, 1

MH-231:015 Gömlugrafir heimild um mógrafir
"Lengra vestur með ströndinni [en Goggur og Hlunkur] eru grasi vaxnar mógrafir niðri við bakkana, sem kallaðar eru Gömlugrafir." segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Kolviðarnes, 2

MH-231:016 Hlóðaklettur heimild um þvottastað
"Lengra vestur með ströndinni [en Goggur og Hlunkur] eru grasi vaxnar mógrafir niðri við bakkana, sem kallaðar eru Gömlugrafir. Suður af þeim er Hlóðaklettur. Þar er ullin þvegin að öllum jafni." segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Kolviðarnes, 2

MH-231:017 Rúst örnefni
"Austan við þá [Lágubakka] er allmikill þúfnakragi í flóanum, sem kallaður er Rúst." segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Kolviðarnes, 3

MH-231:018 Neðraskjól heimild um hesthús
"Norður af Tjarnarnesi er mosamói, sem skagar út í Núpá, og kallast hann Stórikrókur. Austur af honum er gamalt hestaskýli, nefnt Neðraskjól, en nokkurn spöl frá því norður með ánni er Efraskjól." segir í örnefnaskrá "Suðvestur af Tjarnarnesi er grasi vaxin lág eyri, [og] norður af Tjarnarnesi er mosamói, sem skagar fram í ána og kallast Stórikrókur. Austur af honum er gamalt hestaskýli, sem nefnt er Neðraskjól, og nokkurn spöl norðar með ánni er Efraskjól. Bæði eru þau hlaðin fyrir um 40 árum." segir í viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Kolviðarnes, 3; Ö-Kolviðarnes viðb, 2

MH-231:019 Efraskjól örnefni
"Norður af Tjarnarnesi er mosamói, sem skagar út í Núpá, og kallast hann Stórikrókur. Austur af honum er gamalt hestaskýli, nefnt Neðraskjól, en nokkurn spöl frá því norður með ánni er Efraskjól." segir í örnefnaskrá "Suðvestur af Tjarnarnesi er grasi vaxin lág eyri, [og] norður af Tjarnarnesi er mosamói, sem skagar fram í ána og kallast Stórikrókur. Austur af honum er gamalt hestaskýli, sem nefnt er Neðraskjól, og nokkurn spöl norðar með ánni er Efraskjól. Bæði eru þau hlaðin fyrir um 40 árum." segir í viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Kolviðarnes, 3; Ö-Kolviðarnes viðb, 2

MH-231:020 Hjásetuskjól örnefni smalakofi
"Norður af Tjarnarnesi er mosamói, sem skagar út í Núpá, og kallast hann Stórikrókur. Austur af honum er gamalt hestaskýli, nefnt Neðraskjól, en nokkurn spöl frá því norður með ánni er Efraskjól. Alllang norðar, fyrir vestan Efravatn, er Hjásetuskjól." segir í örnefnaskrá
Fráfærum hætt nokkru eftir 1920, um 1925.
Heimildir:Ö-Kolviðarnes, 3

MH-231:021 Vörðuholt örnefni
“Suðvestur af Hallsholti, austan Neðravatns, er Vörðuholt, en suðaustur af því er melur, sem liggur heim að túninu að vestanverðu.” segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Kolviðarnes, 3

MH-231:022 heimild um skotbyrgi
“Suðvestur af Hallsholti, austan Neðravatns, er Vörðuholt, en suðaustur af því er melur, sem liggur heim að túninu að vestanverðu. Þar sem Vörðuholtið skagar lengst í austur, er skothús.” segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Kolviðarnes, 3

MH-231:023 Eldhúshólmi örnefni
“Syðst í Vörðuholtinu er Nátthagi. vestanverðu við hann, við syðri enda Neðravatns, er svonefndur Vatnskrókur, og þar við vatnið er smáhóll, kallaður Eldhúshólmi.” segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Kolviðarnes, 3

MH-231:024 heimild um nátthaga
“Syðst í Vörðuholtinu er Nátthagi. vestanverðu við hann, við syðri enda Neðravatns, er svonefndur Vatnskrókur, og þar við vatnið er smáhóll, kallaður Eldhúshólmi.” segir í örnefnaskrá
Í svörum við spurningum segir: “Nátthaginn kom mér fyrir sjónir sem nýlegt mannvirki.”
Heimildir:Ö-Kolviðarnes, 3; Ö-Kolviðarnes svör við sp, 2

MH-231:025 Kolviðarneslaug laug sundlaug
“Í áframhaldi af Kastalanum í norðaustur er Fornastekksholt, og er Vondakelda norður af holtinu, en norður af því er Knarrarhóll, en norður af honum er Kolviðarneslaug.” segir í örnefnaskrá
Eins og áður er getið, er Kolviðarneslaug fyrir ofan Knarrholt, svo að segja á bökkum Haffjarðarár. Allt þangað upp fellur sjór í ána um flæðir, en vatnið í lauginni er mest um 60°, svo að þarna er hinn ákjósanlegasti baðstaður. En þetta er líka eina laugin á Snæfellsnesi auk Lýsuhólslaugar í Staðarsveit.” segir í örnefnaskrá Sumarið 1917 hófst sundkennsla í Kolviðarneslaug, þá gerður sundpollur með fyrirhleðslu og var vinnan unnin af ungmennafélagi staðarins í sjálfboðavinnu. Sagnir eru af sundkennslu á svæðinu frá því snemma á 29. öld, og sennilega þá einnig verið hlaðið fyrir, að minnsta kosti voru leifar af annarri laug er laugin 1917 var byggð.
Heimildir:Ö-Kolviðarnes, 1, 3-4; Snæfellingar og Hnappdælingar II, 245-46.

MH-231:026 heimild um mógrafir
“Suðvestur af víkinni, sem verður fyrir sunnan Langanes, eru smáklettar með vörðum á, og heita þeir Strókar [014] . Þeir eru vestan við Bænhúsvaðið. Milli þeirra og túnsins er lítið holt, Litla-Móholt, og skammt fyrir norðan það, móts við Kastalann, er Efra-Móholt.” segir í viðbótum við örnefnaskrá
Í svörum við spurningum segir af mógröfum við bæði holtin.
Heimildir:Ö-Kolviðarnes svör við sp, 1-2; Ö-Kolviðarnes viðb, 1-2

MH-231:027 Steinsvað heimild um vað
“Steinsvað er á milli Langaness og Hrísness.” Segir í svörum við spurningum.
Heimildir:Ö-Kolviðarnes svör við sp, 2

MH-231:028 Hólsvað heimild um vað
“Laugavað gegnt Kolviðarneslaug.” Segir í svörum við spurningum.
Heimildir:Ö-Kolviðarnes svör við sp, 2

MH-231:029 heimild um þvottastað
“Í minni tíð var ullin þvegin í neðra vatninu við Nátthagann [ekki við 016].” segir í svörum við spurningum.
Heimildir:Ö-Kolviðarnes svör við sp, 3

MH-231:030 heimild um naust
“Bænhúsvaðsgrund er á dálitlu nesi, og er klettabelti lágt fremst á því. ‘I klettaröðina er dálítið skarð og kallað Naustið. Upp af því voru svolítil veggjabrot, og þar var geymdur bátur, meðan til var.” segir í svörum við spurningum.
Heimildir:Ö-Kolviðarnes svör við sp, 3

MH-231:031 heimild um fjárhús
“Allstór vötn eru í landinu, Kolviðarnesvötn, en skipt í Neðravatn og Efravatn; stutt er á milli þeirra. Austast milli þeirra er Hallsholt, sunnan í því er Hallsholtsbrekka . Á Hallsholti voru fjárhús byggð 1923.” segir í viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Kolviðarnes viðb, 2

MH-232 Hausthús

1237: Hausthús í byggð (Sturlunga I, 403) [1354]: Máldagi “Nicholas kirkia j hafsfiardarey a heima lannd allt. holz lannd allt. eina kv. ... Saudahofnn a vetur j hausthusa lannd. moskyrdur j torfvagi. oc seliagrofum. hausthusa menn eiga ij manada beit bufe thil feallz j annad mal. og varda vid einngivm.” (DI III 83) Máldagi 1375: “cx. Nichulaskirkia j haffiardarey a heimaland allt [med] gognum og giædum. hola land allt. ... saudhofn j hausthusa jord.” (DI III 305) 1714: “Selstaðan sem jörðin [Haffjarðarey] á á fastalandi, hefur bygð verið og þá kallað Hausthús. Bygðin varaði 4 eður 5 ár og eyðilagðist nú fyrir 6 árum.” J’AM V, 46-47. “1804 segir, að Haffjarðarey, sem fyrrum var aðaljörðin, sé lögð í eyði, en að Hausthús, sem áður var eyðihjáleiga, sé bygð á ný í aðaljarðarinnar landi ...” JÁM greinir frá dýrleika Haffjarðareyjar en 1760 er talin leigumáldagi á Hausthúsum. JJ, 134-135.
Breiðabólstaðarkikja á hér reka. Ábúandi í Haffjarðarey 1681, einnig 1703 en 1729 eru engir ábúendur í Haffjarðarey og Hausthús orðin lögbýli. Í eyði.
1920: Tún 2,5ha, 1/3 sléttað, útgræðsla 0,5ha, garðar 200m2. “Landstæði jarðarinnar er í tæpu meðallagi. Hún taldist fremur óhæg fyrir sauðfé, en ræktun mátti þar auðveldlega við koma. Heyskapur var einnig sóttur í Hausthúseyjar en sæta varð sjávarföllum til þess.” Snæfellingar og Hnappdælingar II, 17



Bæjarhóll 001, horft til suðausturs.

MH-232:001 Hausthús bæjarhóll bústaður 332015 482830
Samkvæmt túnakorti frá 1920 er bæjarhóllinn um 130m austan við núverandi íbúðarhús sem byggt er 1974. Hóllinn er framarlega á lágum bakka undir lágu klettabelti sem liggur frá suðvestri til norðausturs.
Land hallar til suðausturs. Suðaustan við bæjarhólinn er sléttað tún sem liggur að sjávarkambi. Bæjarhóllinn er 25x20m að stærð og snýr suðvestur og norðaustur. Upphleðsla hólsins er óveruleg að norðvestan verðu en suðaustan til má ætla að upphleðsla hans sé um 1-1,5m. Hann hefur verið sléttaður og er ekki hægt að merkja neinar veggjahleðslur á honum. Suðvestast við hóljaðarinn vottar fyrir ferhyrndri dæld.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:JÁM V, 47; Túnakort 1920; Byggðir Snæfellsness, 274

MH-232:002 þúst útihús 332090 482891
Stór þúst er tæpa 60m norðvestan við íbúðarhús byggt 1974 og tæpa 70m norðaustan við bæjarhól 001. Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóðu útihús á þessum stað.
Þústin er í sléttuðu túni og hallar land lítið eitt til suðausturs fram að sjávarkambi.
Þústin er töluvert stór eða um 40x26m að stærð og snýr suðvestur og norðaustur. Upphleðsla er greinileg og gæti verið um 150cm. Þústin er mjög þýfð og ber greinileg ummerki bygginga. Hugsanlega hefur útihús verið á þessum stað um langan tíma en líka getur hugsast að gamla selstaðan frá Haffjarðarey hafi staðið á þessum stað.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Túnakort 1920


Þúst 002, horft til suðausturs.


MH-232:003 vegur samgöngubót 331938 482775
Tæpa 15m suðvestan við bæjahól 001 vottar fyrir upphlöðnum vegi sem liggur rúma 200m meðfram lágu klettabelti til suðvesturs. Vegurinn hefur að öllum líkindum verið heimreiðin að gamla bæjarstæðinu.
Vegurinn liggur milli lágs klettabeltis og sjávarkambs. Landið hallar til suðausturs og er nokkuð bratt á köflum.
Vegurinn er rúmlega 200m að lengd og um 2m á breidd. Hann er að stærstum hluta á kafi í grasi en hér og þar má sjá glitta í stórt hleðslugrjót.
Vegurinn liggur um land sem hallar til suðausturs, hann hefur því kant að suðaustan verðu en ekki að norðvestan. Upphleðsla kantsins er frá 30-50cm.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Túnakort 1920


Vegur 003, horft til suðvesturs.

MH-232:004 tóft kálgarður 332018 482808
Samkvæmt túnakorti frá 1920 var kálgarður suðaustan við bæjarhól 001 og stendur tóft hans ennþá og í henni vex rabbabari.
Kálgarðurinn er í landi sem hallar nokkuð bratt til suðausturs.
Kálgarðurinn er 16x11m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Vegghleðslurnar eru hlaðnar úr torfi og grjóti, eru 30-120cm á hæð og um 1m á breidd. Vegghleðslurnar afmarka kálgarðinn á þrjár hliðar en norðvesturgafl hans er grafinn inn í brekku sem myndar jafnframt norðvesturgafl garðsins.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Túnakort 1920



Kálgarður 004, horft til norðvesturs



Uppdrátturinn sýnir kálgarð 004.

MH-232:005 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-232:006 Selhamar örnefni sel
“Vestanverðu við túnið í Hausthúsum er dálítil vík og á vestari barmi hennar er Selhamar, en upp af honum er Efri- og Neðriborg.” segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Hausthús, 1

MH-232:007 Efriborg örnefni
“Vestanverðu við túnið í Hausthúsum er dálítil vík og á vestari barmi hennar er Selhamar, en upp af honum er Efri- og Neðriborg.” segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Hausthús, 1

MH-232:008 Neðriborg örnefni
“Vestanverðu við túnið í Hausthúsum er dálítil vík og á vestari barmi hennar er Selhamar, en upp af honum er Efri- og Neðriborg.” segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Hausthús, 1

MH-232:009 Sauðbólsholt örnefni
“Í flóanum milli Hausthúsa og Mikilholts er röð af holtum, er öll heita Rjúpuholt. Um þau liggja landamerkin milli þessara jarða. Lengra uppi í flóanum er Sauðbólsholt.” segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Hausthús, 1

MH-232:010 heimild um mógrafir
“Alllangt fyrir norðaustan bæinn er búk nokkur, og er mótekja á bökkum hennar.” segir í örnefnaskrá

Heimildir:Ö-Hausthús, 1

MH-232:011 Beinholt örnefni
“Beint upp undan bænum er lítið holt, nefnt Beinholt.” segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Hausthús, 1

MH-232:012 Selholt örnefni sel
“Upp af Hamragarðinum er stórt holt, er heitir Selholt.” segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Hausthús, 1

MH-237 Söðulsholt

1714: “Jarðadýrleiki xiii hrd vide Gerðiberg.” Konungseign. “[um 1360]: Jtaka Brieff Hrossholltz. Halluardur Oddzson sellde clostrinu a Helgafelle og Asgrijme abota jordina Hrosshollt. med ollum þeim gognum og giædum sem þar a ad fylgia. ad tiltoldum sierliga skogie þeim er stendur firer sunnan ana firer nedann modruskala hollt og eingi j Sodullzholltz jordu. sem Breff þar vm giorst vottar.” (DI III 138-139; DI VI, 11-12) Munnmæli herma að Þórður landnámsmaður hafi búið í Stöðuholti og að þá hafi bærinn staðið ofar, gengt Dalsmynni.” Haraldur Matthíasson: Landið og landnáma I, 156-157
1714: “Túnið er grýtt og vatnssókt í sökkvamýri, so gripum er ekki óhætt í votviðrum. Núpá hleypur yfir engið með grjótáburði.” JÁM V, 43
1920: Tún 3,4 ha, 2/5 sléttað, garðar 400m2. Hrossholt átti engjaítaki við Stöðulholtsland. “Þverdalur heitir dalurinn sem gengur inn í fellið til hægri. Land Stöðulsholts er allstórt. Það liggur að Núpá að austan og meðfram henni inn í Núpudal.” Snæfellingar og Hnappdælingar II, 20 “Vetrarbeit er góð og niður landið er grösugt og gott til ræktunar.” BS, 277.

MH-237:001 Söðulsholt bæjarhóll bústaður 337199 485959
“Bæjarhús í Stöðulsholti standa sunnan þjóðvegar, neðan klettaborga og lengi vel sást ekki til þeirra frá vegi.” Hnitið
Heimildir:Túnakort 1920; Snæfellingar og Hnappdælingar II, 20

MH-237:002 heimild um heygarð
Heimildir:Túnakort 1920

MH-237:003 heimild um heygarð
Heimildir:Túnakort 1920

MH-237:004 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-237:005 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-237:006 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-237:007 Hjallhóll örnefni hjallur
“Vinstra megin, þegar farið er heim, er í túni grasi vaxinn hóll nefndur Hjallhóll, og er flöt allt

í kringum hann.”
Heimildir:Ö-Stöðulholt, 1

MH-237:008 heimild um mógrafir
“Þar vestur af er Grænadý, var hættudý mikið, áður en það var girt. Úr því er lækur, Mólækur, sem rennur fyrst beint í Mógrafir neðan við veginn, og er hann á merkjum móti Hrútsholti og verður að Keldunni fyrrnefndu, þegar í flóann kemur.”
Heimildir:Ö-Stöðulholt, 1

MH-237:009 Stekkjarfoss örnefni stekkur
“Neðst innan við Þvergil er oddi, sem heitir Tungusporður. Nafn sitt hefur hann inn að, þar sem áin beygir innan við Djúpafljót. Þar taka við holt beggja megin Núpár, er heita Háholt. Þar er foss í ánni, sem heitir Stekkjarfoss, og hylurinn þar við Stekkjarfljót.” segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Stöðulholt, 1

MH-237:010 heimild um sel
“Inn með hlíðinni, ofan við Berjageiraflóa skáhallt, eru fyrst Berjageirar, er ná að Þverdal og Þvergili; þeir ná að Hærribrekku, sem er fyrsta háa brekkan bratta, þá er þrep, og þar upp af er önnur brekka, og þá er það Seljamúli fyrrnefndur. Innan við hann tekur við annar fallegur og grösugur dalur, sem heitir Seljadalur, og gilið, sem um hann rennur, heitir Selgil. Í þessum dal er mikið af lækjarsprænum, er mynda svo eitt gil, er þær koma niður á láglendið. Efst við þetta gil er fjárrétt, sem notuð hefur verið til forna. Þarna var talið, að hafi verið sel frá Söðulsholti innan við gilið á eyrunum. Þar mótar fyrir allmiklum rústum.” segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Stöðulholt, 2

MH-237:011 heimild um rétt
“Inn með hlíðinni, ofan við Berjageiraflóa skáhallt, eru fyrst Berjageirar, er ná að Þverdal og Þvergili; þeir ná að Hærribrekku, sem er fyrsta háa brekkan bratta, þá er þrep, og þar upp af er önnur brekka, og þá er það Seljamúli fyrrnefndur. Innan við hann tekur við annar fallegur og grösugur dalur, sem heitir Seljadalur, og gilið, sem um hann rennur, heitir Selgil. Í þessum dal er mikið af lækjarsprænum, er mynda svo eitt gil, er þær koma niður á láglendið. Efst við þetta gil er fjárrétt, sem notuð hefur verið til forna. Þarna var talið, að hafi verið sel frá Söðulsholti innan við gilið á eyrunum. Þar mótar fyrir allmiklum rústum.” segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Stöðulholt, 2

MH-237:012 heimild um sel
“Innan til í Eyjalágum er tjörn, er heitir Skötutjörn, nokkuð hátt uppi. Úr henni er nafnlaus lækur. Innan við, þar sem hann kemur í ána, er smáslakki eða hvammur nefndur Sel. Þar er talið, að hafi verið sel frá Hrossholti.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Stöðulholt, 2

MH-237:013 Stöðuholtsrétt heimild um rétt
“... Í sýslu- og sóknarlýsingum 1840 talar þáverandi sóknarprestur um Stöðuholtsrétt, og verður ekki betur séð en að þar hafi lögskilaréttin verið í þann tíð.” Segir í ábúandasögu Eyja- og Miklaholtshrepps.
Heimildir:Snæfellingar og Hnappdælingar II, 357

MH-237:014 bæjarstæði býli

“Munnmæli herma að Þórður landnámsmaður hafi búið í Stöðuholti og að þá hafi bærinn staðið ofar, gengt Dalsmynni.”
Heimildir:Haraldur Matthíasson: Landið og landnáma I, 156-157

MH-242 Gerðuberg

13 hdr 1714, konungseign. 7.5.1488: Klaustrinu á Helgafelli gefin tiltala til jarðanna Þverár og Gerðubergs í Eyjahrepp og Bjarnarfoss í Staðarhrepp fyrir lauafé. (DI VI, 618 sbr. 652-53)
Í eyði frá 1990
1714: “Engar öngvar nema hvað hent er úr hagabeit. Landþröng er mikil og nýtur ábúandi góðvilja nábúa sinna.” JÁM V, 39. 1920: Tún 2 ha, 1/10 sléttað, garðar 200m2. “Gerðuberg er tæplega meðaljörð að landstærð en þótti fremur góð til beitar hvort sem var að sumri eða vetri.” Snæfellingar og Hnappdælingar II, 22

MH-242:001 Gerðuberg bæjarhóll bústaður
Mynd af gamla bænum í ábúandasögu Eyja- og Miklaholtshrepps.
Heimildir:Snæfellingar og Hnappdælingar II, 141; Túnakort 1920

MH-242:002 heimild um heygarð
Heimildir:Túnakort 1920


MH-242:003 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-242:004 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-242:005 þúst óþekkt 340285 487253
Um 680m sunnan íbúðarhúss á Gerðubergi sem byggt er 1943 er þúst, hún er rúma100m norðan við þjóðveg 54 og um 70m austan við heimreið að Gerðubergi.
Þústin er í þýfðu grösugu mólendi sem hefur verið ræst fram.
Þústin stendur með nokkuð augljósum hætti uppúr umhverfi sínu. Hún er



Þúst 005, horft til norðausturs.



Uppdráttur af þúst 005.

18x7m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Erfitt er að greina vegghleðslur því hún er öll mjög þýfð og á kafi í miklu grasi. Hugsanlega má þó greina um 2-3 hólf og tvö stór op, annað á suðvestur gafli en hitt fyrir miðri suðaustur langhlið. Upphleðsla gæti verið 60-70cm.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-242:006 Húsás örnefni
"Niður undir Haffjarðará, niður af Dilk, eru Húsás, Yztiás og Langiás, en þeir eru venjulega nefndir einu nafni Gerðubergsásar." segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Gerðuberg, 2

MH-242:007 heimild um stekk
"Rétt fyrir utan túnið eru svonefndir Fossmóar, en þar er dálítill foss í læknum. Fyrir neðan Fossmóana eru gamlar stekkjarrústir." segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Gerðuberg, 2

MH-242:008 heimild um stekk
"Uppi í hlíðinni fyrir ofan bæinn standa gamlar stekkjarrústir á hæðarbungu, og heitir hún Stekkjarborg." segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Gerðuberg, 1

MH-252 Hrísdalur

[1377-78]: Helgafell gamall maldage.Hrisdallur c. (DI III, 326-329).
1714: "En fyrir 35 árum er það fyrst upp aftur bygt á fornu eyðibóli, sem um lángvarandi aldur hafði í auðn legið og haldið verið so sem enn nú átölulaust eignarlandi jarðarinnar Hofstaða og er nú kallað fjórðúngur úr þeirri jörðu." 20 hdr. JÁM V, 56 Nú tvíbýli Hrísdalur I og II (1/3 af jörðinni, frá 1953).
1920: Tún 4,8ha, 1/3 sléttað. Móar 0,8 ha, garðar 700m2. "Land jarðarinnar er mjög fjölbreytilegt að gerð. Skiptast á brokmýrar hið neðra en grónar vallendisbrekkur og kjarrivaxnir klapparásar hið efra með mýrarsundum." Snæfellingar og Hnappdælingar II, 33

MH-252:001 Hrísdalur bæjarhóll bústaður 320861 489396
"Bærinn stóð áður í vesturhluta túnsins, er var fyrir nokkrum árum fluttur á austurhluta þess, er þá var kallað Fjárhústún. Gamli bærinn stóð á hól, sem enn er kallaður Bæjarhóll." segir í örnefnaskrá. Bæjarhóllinn er 140-150m vest-suðvestan við íbúðarhús byggt 1943. Bæjarhóllinn hefur verið sléttaður og er í túni sem er slegið. Hann var ekki skoðaður á vettvangi en var staðsettur af loftmynd út frá túnakorti frá 1920.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Túnakort 1920; Ö-Hrísdalur, 1

MH-252:002 heimild um heygarð
Heimildir:Túnakort 1920

MH-252:003 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-252:004 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-252:005 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-252:006 Fjárhústún örnefni fjárhús
“Bærinn stóð áður í vesturhluta túnsins, er var fyrir nokkrum árum fluttur á austurhluta þess, er þá var kallað Fjárhústún. Gamli bærinn stóð á hól, sem enn er kallaður Bæjarhóll.” segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Hrísdalur, 1

MH-252:007 Réttarhamar heimild um rétt
“Við tjörnina er klettastapi, sem heitir Gjálparstapi. Frá honum er sjónhending í Réttarhamar á Vallnaborgum.” segir í örnefnaskrá. Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá segir að rétt sjáist undir Réttarhamri.
Heimildir:Ö-Hrísdalur, 1; Ö-Hrísdalur ath og viðb, 2

MH-252:008 Vörðuholt örnefni
“Tungan milli Bæjarlækjar og Þrengslalækjar er kölluð Lækjartunga. Ofarlega í henni eru tvö holt; er annað þeirra við Bæjarlækinn, heitir Hádegisholt, hitt holtið er við Þrengslalæk, heitir það Vörðuholt.” segir í örnefnaskrá Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá segir að holtið heitir Vörðuhóll.
Heimildir:Ö-Hrísdalur, 2; Ö-Hrísdalur ath og viðb, 2

MH-252:009 heimild um stekk
“Sunnan Bakkalækjar og niður með Langalæk er klettaborg, sem heitir Stekkjarhamar. Beggja megin Langalækjar eru holt, sem heita Stekkjarholt; sunnan þeirra kemur lækur vestan úr Kastalamýri ... Lækur þessi heitir Stekkjarlækur.” segir í örnefnaskrá. Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá segir: “Stekkjarholt; í holtinu fyrir vestan lækinn er stekkur mjög greinilegur, og er að sjá miklu yngri en í Selgilinu. Virðist hafa verið breið kró og smákró inn af. Töldu þau, að stekkurinn hlyti að hafa verið notaður af því fólki, sem bjó í Hrísdal næst á undan þeim. Um síðustu fráfærur vinnu þau ekki, en ekki hefði verið fært frá 1920 ...”
Heimildir:Ö-Hrísdalur, 3; Ö-Hrísdalur ath og við, 2

MH-252:010 Torfhóll örnefni rista
“Sunnan Bakkalækjar og niður með Langalæk er klettaborg, sem heitir Stekkjarhamar. Beggja megin Langalækjar eru holt, sem heita Stekkjarholt; sunnan þeirra kemur lækur vestan úr Kastalamýri ... Lækur þessi heitir Stekkjarlækur. Sunnan lækjarins er holt, sem heitir Torfhóll.” segir í örnefnaskrá Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá segir: “Torfhóll er norðan í Kastalanum; þar hefur verið þurrkað torf.”
Heimildir:Ö-Hrísdalur, 3; Ö-Hrísdalur ath og við, 2

MH-252:011 Bænhúshylsholt örnefni bænhús
“Við Straumfjarðarár, sunnan Stekkjarlækjar er holt, sem heitir Bænhúshylsholt. Við holtið er hylur í Straumfjarðará, sem heitir Bænhúshylur.” segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Hrísdalur, 3

MH-252:012 heimild um sel
Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá segir: “Selgil; rústir sjást við Selgilið. Vestan við gilið er gömul rétt á móti selinu (sem þarna mun hafa verið) ...”

Heimildir:Ö-Hrísdalur ath og viðb, 2

MH-252:013 Selgilsrétt heimild um rétt
Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá segir: “Selgil; rústir sjást við Selgilið. Vestan við gilið er gömul rétt á móti selinu (sem þarna mun hafa verið); rétt þessi var nefnd Selgilsrétt og var talin forrétt daginn mið Miðhraunsrétt. Var rekið þar inn a.m.k. frá Hrísdal, Hofstöðum og Lágafelli. Selgilsrétt var notuð síðast 1935-36. Þá var byggð rétt á Kastalanum.”
Heimildir:Ö-Hrísdalur ath og viðb, 2

MH-253 Dalur (Döggfossdalur)

26 hdr 1714, konungseign. Bænhús var á jörðinni. Dalsins getið í Bjarnarsögu Hítadalskappa. ÍF III, 112. Einnig getið í Eyrbyggju. [1377-78]:” Helgafell gamall maldage ... Dufgusdalur ccc.” (DI III, 326-329) Hvammur býli í byggð 1856-1863. “Vesturmörk jarðarinnar eru Straumfjarðará en að austan liggur hún með Hjarðarfellslandi allt norður að mörkum Helgafellssveitar.” Snæfellingar og Hnappdælingar II, 32
1714: “Stórviðri granda túninu” JÁM V, 58. 1920: Tún 4,3ha, mýri 0,6 ha, garðar 150m2. “Fjalllendið er milli Straumfjarðarár og Köldukvíslar og er víðáttumikið og gott fjárland.” BS, 294

MH-253:001 Dalur (Döggfossdalur) bæjarhóll bústaður 321494 490099
“Allt frá landnámstíð til 1956 stóð bærinn í Dal þar sem veiðihúsið var reist 1975, en upp úr 1950 voru bæjarhús flutt þangað sem þau nú eru.” Segir í ábúandasögu Eyja- og Miklaholtshrepps. Hnit tekið af loftmynd.
Heimildir:Túnakort 1920; Snæfellingar og Hnappdælingar II, 32

MH-253:002 heimild um bænhús
1714: “Bænhúsvað heitir hjer á ánni, þar af atla sumir hjer hafi einhverntíma bænhús verið, ekki vita menn þess önnur rök.”
DALUR Í MIKLAHOLTSHR. (SH) (MIKLAHOLTSÞING) - BÆNHÚS
Heimildir:JÁM V, 57

MH-253:003 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-253:004 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-253:005 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-253:006 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-253:007 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-253:008 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-253:009 Bænhúsvað heimild um vað
1714: “Bænhúsvað heitir hjer á ánni, þar af atla sumir hjer hafi einhverntíma bænhús verið, ekki vita menn þess önnur rök.”
Heimildir:JÁM V, 57

MH-253:010 heimild um leið
“Á Langholtinu er hóll, sem heitir Reiðstapi. Dregur hann nafn af gamla reiðveginum, er lá meðfram honum.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Dalur, 1

MH-253:011 Byrgislækur örnefni
“Þar austan í flóanum er Merkiþúfa og vestan við hana er Merkiþúfukelda og rennur hún að Langholti og austur með því að Byrgislæk.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Dalur, 1

MH-253:012 Stekkhólar örnefni stekkur
“Nokkuð ofan við Svartabakka eru tveir hólar, sem heita Stekkhólar, og þar er í ánni hylur, sem heitir Móhylur. Þar hefir verið tekinn mór í árbakkanum.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Dalur, 2

MH-253:013 heimild um mógrafir
“Nokkuð ofan við Svartabakka eru tveir hólar, sem heita Stekkhólar, og þar er í ánni hylur, sem heitir Móhylur. Þar hefir verið tekinn mór í árbakkanum.” Segir í örnefnaskrá
“Stekkhólamógrafir heita mógrafirnar sem vikið er að í sambandi við Stekkhóla og Móhyl. Þar tók HE mó líklega síðast 1943, en 1944 var komin olíukynding.” Segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Dalur, 2; Ö-Dalur ath og viðb, 3

MH-253:014 heimild um kvíar
“Sunnan við túnið er Kvíaholt og Krúsarholt, sem er nýtt nafn. Þar var tekið efni í veg.” Segir í örnefnaskrá “Kvíaholt. ‘Útihús standa nú neðst á Kvíaholtinu. Gömlu kvíarnar sjást enn fast við útihúsin.” Segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Síðast fært frá í Dal um 1917.
Heimildir:Ö-Dalur, 2; Ö-Dalur ath og viðb, 3

MH-253:015 Fjárhústún örnefni fjárhús
“Syðst í túninu heitir Fjárhústún ...” Segir í örnefnaskrá “Á Fjárhúsatúninu stendur nú íbúðarhúsið og fjárhús áföst við, byggð á sama stað og gömlu fjárhúsin.” Segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Dalur, 2; Ö-Dalur ath og viðb, 3

MH-253:016 Gildruholt örnefni refagildra
“Þar inn af og hærra eru tvö holt samsíða, er heita Gildruholt, vestar og austan við það Langholt, sem liggur alveg vestanvert við þjóðveginn.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Dalur, 2

MH-253:017 heimild um stekk
“Þar [sem var brú yfir Keldukvísl] rennur smálækur að norðan í kvíslina við Stokkinn og heitir Stekkjarlækur og austan við hann er rústir eftir Stekk, sem hefur verið þar áður fyrr.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Dalur, 3

MH-253:018 Hvammur bæjarstæði býli
“Innar í dalnum, milli árinnar og fellsins, er eyðibýlið Hvammur. Þar hjá er gil, sem heitir Hvammsgil, og upp með því Hvammsklettar.” Segir í örnefnaskrá “Á árabilinu 1856-1863 hefir svonefndur Dalhvammur verið afbýli frá Dal í annan tíma finnst þess ekki getið í sóknarmannatali ...” Segir í ábúandasögu Eyja- og Miklaholtshrepps.
Heimildir:Ö-Dalur, 3; Snæfellingar og Hnappdælingar II, 390

MH-253:019 Hvammsstekkur heimild um stekk
“Innar í dalnum, milli árinnar og fellsins, er eyðibýlið Hvammur. Þar hjá er gil, sem heitir Hvammsgil, og upp með því Hvammsklettar. Nú er að halda inn dalinn um nafnlaust svæði. Þar er brött hlíð með smástöllum eða bekkjum, þar í hlíðinni neðst er Hvammsstekkur og Stekkjargil.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Dalur, 3

MH-253:020 heimild um leið
“Þar innar [en 019] er holt, er heitir Vegamótaholt. Þar skilja leiðir. Lá leið til Staðarsveitar til forna þar vestur upp af Vegamótaholti.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Dalur, 3

MH-253:021 heimild um leið
“Þar innar [en 019] er holt, er heitir Vegamótaholt. Þar skilja leiðir. Lá leið til Staðarsveitar til forna þar vestur upp af Vegamótaholti.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Dalur, 3

MH-253:022 Selbrekka örnefni sel
“Nokkuð hátt upp í hlíðinni eru grasgeirar og grænar brekkur, sem heita Syðri-Græntær, Nyrðri-Græntær og skiptast af smáhvarfi er gengur niður af Smjörhnjúk, þar í er Selbrekka.” Segir í örnefnaskrá “Selbrekka. Þar eru rústir af byggingu eða smástekk, og eru götuslóðir þangað frá eyðibýlinu Hvammi, sem er í Dallandi.” Segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Dalur, 3; Ö-Dalur ath og viðb, 5

MH-253:023 Þrívörður varða
“... syðst á þeim [Hryggjum] eða til suðausturs heita Hryggjahausar. Norðan þeirra eru borgir og vörður á, kallaðar Þrívörður og Þrívörðuborgir.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Dalur, 4

MH-253:024 heimild um fjárskýli
“Merkin eru um Byrgisrúst á austari enda Langholts; þetta var falleg rúst rétt ofan við veginn, en hefur nú að mestu verið eyðilögð.” Segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Dalur ath og viðb, 1

MH-253:025 heimild um mógrafir

“Svartibakki[sjá 013] er við Straumfjarðará. Hann er hár og svartur moldar- og sandbakki. Þar var tekinn mór áður í Svartbakkagröfum, HE man eftir þeirri mótekju, en það var áður en hann fluttist að Dal.” Segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Dalur ath og viðb, 1

MH-253:026 heimild
“Rétt fyrir ofan veiðihúsið er lítill hóll, sem sleginn er með orfi og heitir Litlihóll ... Allar rústir í túninu hafa nú verið sléttaðar nema Litlihóll.” Segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Dalur ath og viðb, 3-4

MH-253:027 heimild
“Rúst af bænhúsi hefur ekki sézt. Hinsvegar var hringlaga rúst á Hólavelli, nú sléttið; til þess þurfti að taka burt óhemju af grjóti. Rústin var um 7-8 m í þvermál. Engar menjar sáust. Datt fólki í hug, að þarna hefði bænhúsið e.t.v. verið.” Segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Dalur ath og viðb, 4

MH-253:028 heimild
“Einnig var lítil rúst á hólbungu, sem nú hefur verið sléttuð, niðri á túninu um 200 m austur af hylnum, beint á móti honum.” Segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Dalur ath og viðb, 4

MH-253:029 heimild
“Brekkan [Fagrabrekka framan í 016]sé st mjög vel frá bæ. Brekkubrúnin er hátt barð, en að austan, vestan og sunnan eru veggjarústir í kringum hana . E.t.v. hefur verið nátthagi þar.” Segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Dalur ath og viðb, 4

MH-253:030 þjóðsaga tröll
“Tveir fossar eru í Köldukvísl, Valafoss sá lægri, Tagldarfoss sá hærri, kenndur við tröllið Tögld og er miklu hærri en sá fyrrnefndi ... en Tögld var tröllskessa, sem átti að hafa steypst í fossinn ...” Segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Í svörum við spurningum um örnefni á Hjarðarfelli segir: “ Já, það er þjóðsaga um tröllkonu, sem hét Tögld og bjó í helli undir fossinum. Sá hellir er nú fallinn niður, og fossinn hefur færzt innar í gljúfrin.”
Heimildir:Ö-Dalur ath og viðb, 5; Ö-Hjarðarfell svör við sp., 4

MH-253:031 heimild um sel
“Í Valalágum hefur einhvern tíma verið haft í seli frá Dal, en afar langt er síðan.” Ö-Dalur ath og viðb, 5
Heimildir:Ö-Dalur ath og viðb, 6

MH-253:032 heimild um sel
SSS: “Staðarstaðarkirkja á selstöðu í Dallandi, og þar markar fyrir tóftum.”
Heimildir:SSS, 58

MH-264 Miklaholt

Kirkjustaður. 1697 24 hdr. "[1181]: a heima land allt [Tjaldeyjar, Ketilsker, Hellusker, Taðnasker að helmingi, reka að helmingi með Skógnesingum, naustgerð, saltgerð, akurgerði] ... Scognesingar eigi einge i miclaholltz lande hia deilldar læk fyrir reka varþveizlo. hafrsfell. lagsardalr. lagsarbacke. þufna land. Rece a homlu barþa. at þeim hluta sem til telsc. nauta afreitur a flotur. Rauþmælingar eigo haga heimilan .xij. hrossom .ij. manoþr i micla holltz land suþr fra huse. oc husrum manne. er gætir. at hafrs felle. skogr i langa dal. hylir .ij. i straumfiarþar a niþr fra laxa." (DI I 273-274)
Jarðarinnar getið í kirknaskrá Páls biskups frá um 1200 (DI XII 11) 1242: Guðmundr prestur Ólafsson bjó Þar (Sturlunga, 481) "[1354]: ä heima [land] allt Jons kirkia Bapiste j Mycklahollte ä heima [land] allt. þufnna lannd. hafurzfell. Hommla hollt. keflavijk hälfa. tialldurzeyiar. reka a hommlubarda. reka frä forslæk vt vmm leynijnngar at helnijngi vid Skognesijnnga. tadnnasker halft oc hellusker hälft. og ketilz sker halft. nostgord oc salltgord j skogarnesland og akurgerdi. nauta afreit ä flautur. skog j lanngadal. hyli ij. j straumfiardarä." (DI III 82) 1393: veitti herra Þorsteinn abboti ... Joni ref Miklahollt. (IA, 423) [1394]: "a heimaland allt med giædum Þeim sem Þar fylgja" (DI III 225) 1397: "a heimaland allt med gognum og giædumm Þeim sem Þar fylgia. Þwfna lannd. Hafursfell. Hamluhollt oc Keflavijk halfa [+reka, 3 sker, naustgerð, akurgerði, nautaafrétt, skóg, 2 hylji]" (DI IV 178-179) 1437: Ágreiningur um hvalreka (DI IV 571-572) 1438: Ágreiningur um hvalreka (DI IV 576-577) 1438: Dómur (DI IV 579-580) 1438:Dómur (DI IV 580-581) 1438: Dómur (DI IV 581-582) 1463: Máldagi kirkjunnar (DI V 402-403) [um 1470]: Máldagi kirkjunnar (DI V 598) 1544: Máldagi kirkjunnar (DI XI 285-286) 1575: Máldagi kirkjunnar (DI XV 609-610) 1714 eru Sel (MH-265) hjáleiga í byggð, Laxarbakki minni hjáleiga í eyði. Sel (MH-265) er hjáleiga í byggð 1847. Staðurinn á afrétt í Hafurfelli, sem er að nokkru leyti áfast heimalandinu. Miklaholt II nýbýli frá 1956.
1714: "Í túninu gengur grjót upp. Engið liggur undir vatni eftir eins dægurs regn og er yfir máta torsókt fyrir forðæa sakir, so mjög öll aðfærsla staðarins." JÁM V, 75. 1920: Tún 5,6ha, garðar 675m2. "Land Miklaholts er mýrlent með klettaásum. Þótt fremur sé það erfitt til ræktunar hefur tekist að gera á því stór og grasgrefin tún." Snæfellingar og Hnappdælingar II, 26

MH-264:001 Miklaholt bæjarhóll bústaður 330440 484481
Bæjarhóll Miklaholts er um 100m norðaustan við íbúðarhús Miklaholts 1 sem byggt er 1999 og um 30m austan við Miklaholtskirkju 002. Bæjarhóllinn er á milli útihúsa og kirkjugarðs. Bæjarhóllinn er um 65x40m að stærð og snýr austur vestur. Upphleðsla hans er um 3m og er hún mest áberandi að sunnanverðu. Engin hús standa á hólnum sem hefur verið sléttaður. Á honum eru greinileg ummerki eftir horfin mannvirki, m.a. steypt veggjabrot.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Túnakort 1920


Bæjarhóll 001, horft til suðurs

MH-264:002 heimild um kirkju
MIKLAHOLT Í MIKLAHOLTSHREPPI (SH)
-Jóni baptista
[1181]: Mycla holltz kirkia a heima land allt meþ ollom gæþom. tialldeyiar meþ ollom

gæþom. ketil sker oc hello sker oc taþna sker at helminge viþ skognesinga. meþ ollom gæþum. reke fra fosslok vt of leyningar at helminge viþ skognesinga. Naust giorþ oc sallt gerþ i skogarnes land oc acrgerþe. Scognesingar eigi einge i miclaholltz lande hia deilldar læk fyrir reka varþveizlo. hafrsfell. lagsardalr. lagsarbacke. þufna land. Rece a homlu barþa. at þeim hluta sem til telsc. nauta afreitur a flotur. Rauþmælingar eigo haga heimilan .xij. hrossom .ij. manoþr i micla holltz land suþr fra huse. oc husrum manne. er gætir. at hafrs felle. skogr i langa dal. hylir .ij. i straumfiarþar a niþr fra laxa. kyr .x. eitt naut vetrgamallt. L. a. gelldungar .ij. [ok] xx. sneguer. tvevetr hestr einn. .iij. merkr vaþmala. CCC i busg[ognom] oc husbunaþe. tvenn messo fot. a XL. rapta til forkirkiu giorþar.

Su er afskylld fiar þessa. at prestr oc diacn scal vera i mycla hollte. [oc] qvengillder omagar .ij. yr kyni gunnþiofs oc scolo þeir hafa alla atvinno af staþar fiam. oc vinna staþ allt þat er þeir mega.

Þar scal ala menn alla þa er ser megu eige geta mat oc klæþe. fyrir osco socom eþa elle eþa vanheilso.

[274] þesse songr þvatnætr allar. oc fimto nætr allar. [oc] messor fyrir postola messor allar; Máld DI I 273-274

c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 11

1242: Guðmundr prestur Ólafsson bjó þar [d. e. 1257 - umboðsm á Helgafelli 1253?]; Þórðarsaga kakala, Sturl, 481

[1354]: Mycklahollt Jons kirkia Bapiste j Mycklahollte ä heima [land] allt. þufnna lannd. hafurzfell. Hommla hollt. keflavijk hälfa. tialldurzeyiar. reka a hommlubarda. reka frä forslæk vt vmm leynijnngar at helnijngi vid Skognesijnnga. tadnnasker halft oc hellusker hälft. og ketilz sker halft. nostgord oc salltgord j skogarnesland og akurgerdi. nauta afreit ä flautur. skog j lanngadal. hyli ij. j straumfiardarä.

hun a jnnan sig smelltann kross oc ij krossa adra. kluckur iiij. oc ein brotin. og su hin fiorda er nidri er oc þo brotin. Tiolld vmmhuerfis kirkiu. messufot fernn. ccc. kalekur. kertistika. c. sloppar ij. alltaraklædi. iiij. käpa. fonntbunadur. kistur ijc. glodaker ij. munnlogar ij. Bækur iiij. c. j reflum xij aurar. baksturjarnn.

Suo mikid j kuikfie. Atta kyr. ij ær. einn saud vetur gammlann. hross ij. cccc. voru eda kuikfie. oc hid fimmta orijtt.

Suo margir liggia þar bæir vnndir til tijunnda oc lysitolla oc heytolla. xxx. eru fymm bonhus af þessum. oc takast vj aurar af .iiij. enn xij aurar af einu. þar skal vera prestur oc diaknn. ij omagar kuenngilldir.

Þetta tok sijra gunnar af Snorra prest j stadarspioll. vj ær oc ku. vxa þrevetrann oc ij ær. ij hunndrad frijd. ad auki þessa ä nu kirkiann þriär kyr oc x hundrud ofrijd. oc þar j virtt jonns lijknneski. Máld DI III 82

1393: veitti herra Þorsteinn abboti ... Joni ref Miklahollt; Flateyjarannáll, IA 423

[1394]: cxi. Jons kirkia Baptistæ j michlaholltte a heimaland allt med giædum þeim sem þar fylgia.

les vilchinsbok; Hítardalsbók DI III 225

1397: a heimaland allt med gognum og giædumm þeim sem þar fylgia. þwfna lannd. Hafursfell. Hamluhollt oc Keflavijk halfa [+reka, 3 sker, naustgerð, akurgerði, nautaafrétt, skóg, 2 hylji]

Þangad liggia xxx bæer ad tijundumm oc lysitollumm oc heytollumm. eru þar j v bænhvs oc takast vj aurar af fiorumm. enn xij aurar af einu.

Þar skal vera prestur oc diakn

portio vmm iij är ccc oc v aurar sijdann sira Jon hiellt stadinn; Máld DI IV 178-179

25.11.1437: Ágreiningur milli Miklaholtskirkju og Helgafellsklausturs um hval sem rak um haustið í Keflavík á Snæfellsnesi og um alla reka fyrir jörðinni í Keflavík, hvor ætti. Ábóti

hafði ekki þar þá öll sín skilríki og var því málinu vísað til prestadóms á fyrstu prestastefnu sem Gottswin biskup mun halda; DI IV 571-572
28.4.1438: Allur reki fyrir Keflavík, milli Baðsteins og Sauðskers dæmdur Helgafellsklaustri, en séra Páll Bjarnarson staðarhaldari í Miklaholti mætti ekki til forsvaranar; DI IV 576-577
24.7.1438: Gottswin biskup staðfestir dóm frá 28.4.1438 og skipar séra Páli Bjarnasyni í Miklaholti að skila hvalnum og/eða andvirði hans eins og metið verði til klaustursins en missi embætti og beneficium ella; DI IV 579-580
23.8.1438: Þorsteinn Svarthöfðason prófastur dæmir próf séra Páls Bjarnasonar í Miklaholti um að kirkjan þar eigi hálfa jörðina í Keflavík með rekum til móts við Helgafellsklaustur, ógild; DI IV 580-581
29.8.1438: Hvalur sá sem séra Páll Bjarnason í Miklaholti hafði tekið af Keflavíkurrekum metinn til 12 kúgilda; DI IV 581-582
1463: Máld DI V 402-403
[um 1470]: Máld DI V 598
13.1.1544: Máld DI XI 285-286 1575: Máld DI XV 609-610
1563: Haffjarðareyjarkirkja lögð niður og sóknin norðan við Núpa lögð til Miklaholts; (PP, 144)
1570: Kirkja reist á Ytri-Rauðamel og hin forna Haffjarðareyjarsókn færð undir, og sú sókn sett undir KolbeinsstaðaÞing; (PP, 144)
1645: Ytra Rauðamelssókn lögð til Miklaholts; (PP, 143)
1864: "FÍNGURHRÍNGUR úr kopar gamallegur. Hann er með áttstrendri stétt ofan á; er þar grafið á innsigli, manns höfuðskel og tveir lærleggir, lagðir í kross, og, að mér virðist, bandrúnir þar upp af ... Hringur þesi fannst í Miklaholts kirkjugarði á mjög fúinni manns kjúku, er grafið var til undirstöðu kirkjunnar."
"Stór SKEIFA fimmboruð. Það er dragstappa fornleg. Þegar grafið var fyrir undirstöðu kirkjunnar í Miklaholti fyrir nokkrum árum, fannsthún ofan á líkkistuloki, mjög fúnu, og var viðrkola hrúga utanum. Víðar fyrir vestan hafa fundist skeifur á kistulokum ..."
"MÁLMKLUMPUR, kringlóttur og uppmjór. Hann fannst á líkkistuloki í Miklaholts kirkjugarði, sveipaður viðarkolum. Menn ætla, að hann muni hafa verið innsigli, þá er innsiglað var með vaxi." Skýrsla FÍ I, 87
27.2.1880; Hítarnesþing lögð niður og Kolbeinsstaða- og Krossholtssóknir lagðar undir Miklaholt; (PP, 139) [lög]
1934: Miklaholtskirkja flutt að Fáaskrúðsbakka; (PP, 144)
1946: Byggð kapella í Miklaholti; (PP, 144)
Heimildir:Túnakort 1920


MH-264:003 tóft heygarður 330466 484517

Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóð heygarður um 25m norðan við bæ 001 og þar stendur enn tóft af heygarði. Heygarðstóftin er sambyggð tóft af útihúsi 005 og kálgarði 004.
Tóftin er í jaðri túns og þýfðs móa sem er mjög blautur.
Heygarðstóftin er 20x21m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Gera má ráð fyrir að op hafi verið á tóftinni nyrst til norðvestur. Þar er vegghleðslan alla vega alveg sigin og lítt greinanleg. Vegghleðslur eru úr torfi og grjóti, um 80cm á hæð og um 1m á breidd. Þær eru á kafi í



Heygarður 003, horft til norð-norðausturs

grasi og vel rúnnaðar.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Túnakort 1920



Uppdrátturinn sýnir tóft 003 sem er heygarður, tóft 004 sem er kálgarður og tóft 005 sem er útihús.

MH-264:004 tóft kálgarður 330478 484521
Samkvæmt túnakorti frá 1920 var kálgarður um 25m norðan við bæ 001 og þar stendur enn tóft af kálgarði. Kálgarðstóftin er sambyggð tóft af heygarði 003 sem er suðvestan við hann og útihúsi 005 sem er norðvestan við hann.
Tóftin er í jaðri túns og þýfðs móa sem er mjög blautur.
Kálgarðstóftin er 11x6m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Eins og áður hefur komið fram er hún sambyggð heygarði 003 deila garðarnir sameiginlegum vegg.
Kálgarðurinn hefur engan gafl til suðaustur en í þá átt hallar garðurinn. Vegghleðslur eru úr torfi og grjóti, um 80cm á hæð og um 1m á breidd.
Þær eru á kafi í grasi og vel rúnnaðar. Rabbabari grær í garðinum.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Túnakort 1920



Kálgarður 004, horft til norðvesturs

MH-264:005 tóft útihús 330472 484526
Samkvæmt túnakorti frá 1920 var peningshús um 25m norðan við bæ 001 og þar stendur enn tóft af útihúsi. Tóftin af útihúsinu er sambyggð tóft af heygarði 003 sem er sunnan við hana og tóft af kálgarði 004 sem er suðaustan við hana.
Tóftin er í jaðri túns og þýfðs móa sem er mjög blautur.
Tóftin er 6x6m að stærð, einföld og hefur op til suðvesturs. Vegghleðslur eru háar og þykkar um 2m að breidd og um 180cm á hæð. Þær eru hlaðnar úr torfi og grjóti og standa vel þó er opið rof ofarlega í þeim. Reynt hefur verið að sporna við rofinu með að setja net yfir vegghleðslurnar.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Túnakort 1920



Útihús 005, horft til norðausturs.

MH-264:006 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-264:007 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-264:008 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-264:009 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-264:010 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-264:011 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-264:012 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-264:013 Laxárbakki minni bæjarstæði býli
1714: "SKjöl staðarins eigna hönum jörð eður eyðiból, sem heitið skuli hafa Laxarbakke minne. Engin skýrileg rök framkomu hjer, sem vissa grein á gjöri, hvar að liggi það eyðiból, nema hvar munnmæli segja það skuli liggja millum Grafarlands og Svarfhólslands, þar sem nú eru kallaðir Kotmóar allnær Laxá, og þykjast sumir sjá þar nokkrar girðíngaleifar, en um lánga æfi hefur þar ekki bygð verið nje frá staðnum brúkað. Skyldi þetta so vera, þá ætti þetta eyðiból millum Grafar og Svarfhóls að setjast."
"... hjáleiga er heitir Minni-Laxárbakki vestan ár norðan þjóðvegar. Sjást þar rústir." Segir í Byggðum Snæfellsness
Heimildir:JÁM V, 76; BS, 306

MH-264:014 garðlag óþekkt 330550 484426
Garðlag er 75-80m austan við bæjarhól 001 og 85-90m aust-suðaustan við kálgarð 004.
Garðlagið er í jaðri túns og mýrar sem er mjög þýfð og grösug.
Garðlagið er um 80m langt, 60-80cm breitt og um 40cm hátt. Það liggur frá norð-norðaustri til suð-suðvesturs og er allt á kafi í grasi. Það er nokkuð hlaupið í þúfur. Sennilegast er hér um áveitu að ræða og er það helst staðsetningin sem liggur að baki því mati en landið austan og sunnan garðlagsins er mjög blautt. Ekki var athugað hvort fleiri garðlög væru í mýrinni.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda


Garðlag 014, horft til norðurs

MH-264:015 Vörðuklettar varða
"Suðvestan í túninu er löng lág, stundum með tjörn í, og heitir hún Draugalág. Þar vestar eru svo Vörðuklettar, og þá er Gunnhildarskarð." Segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Miklaholt AG, 1

MH-264:016 heimild um kvíar
“Stöðulskarð hefur fyrr verið nefnt. Það liggur suður úr klettunum, sem eru sunnan undir túninu og túnið liggur fram á. Um það er oft farið neðan af Skógarnesbæjum. Þar voru kvíar og rétt.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Miklaholt AG, 1

MH-264:017 heimild um rétt
“Stöðulskarð hefur fyrr verið nefnt. Það liggur suður úr klettunum, sem eru sunnan undir túninu og túnið liggur fram á. Um það er oft farið neðan af Skógarnesbæjum. Þar voru kvíar og rétt.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Miklaholt AG, 1

MH-264:018 heimild um leið
“Stöðulskarð hefur fyrr verið nefnt. Það liggur suður úr klettunum, sem eru sunnan undir túninu og túnið liggur fram á. Um það er oft farið neðan af Skógarnesbæjum. Þar voru kvíar og rétt.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Miklaholt AG, 1

MH-264:019 Gunnhildargata heimild um leið
“Suðvestan í túninu er löng lág, stundum með tjörn í, og heitir hún Draugalág. Þar vestar eru svo Vörðuklettar, og þá er Gunnhildarskarð. ... . Þar vestar er svo Gunnhildarskarð eða Gunnhildargata. Þar uppi á klettunum er Gunnhildardys. Er á Vörðuklettunum [015] fyrrnefndu. Þar á stúlka með þessu nafni að vera dysjuð. Stúlkutetrið tók upp á þeim óvanda að hengja sig í skarðinu. Reyndar er dys þessi það stór, að líklegra er, að sé réttarrúst eða þess háttar.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Miklaholt AG, 1

MH-264:020 Gunnhildardys dys legstaður
“Suðvestan í túninu er löng lág, stundum með tjörn í, og heitir hún Draugalág. Þar vestar eru svo Vörðuklettar, og þá er Gunnhildarskarð. ... . Þar vestar er svo Gunnhildarskarð eða Gunnhildargata. Þar uppi á klettunum er Gunnhildardys. Er á Vörðuklettunum [015] fyrrnefndu. Þar á stúlka með þessu nafni að vera dysjuð. Stúlkutetrið tók upp á þeim óvanda að hengja sig í skarðinu. Reyndar er dys þessi það stór, að líklegra er, að sé réttarrúst eða þess háttar.” Segir í örnefnaskrá “Gunnhildardys er ekki annað en grjóthrúga eða stekkur, segir Valgeir.” Segir í viðbótum og athugasemdum við örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Miklaholt AG, 1; Ö-Miklaholt ath og viðb., 2

MH-264:021 Efristekkur heimild um stekk
“Rétt neðanvert við túnið og klettana er Stekkur, stundum nefndur Efristekkur til aðgreiningar frá öðrum neðar. Undan Stekknum eru Stekkjarbrekkur, svo er örstutt mýrarsund niður að Einbúa, sem er einstæður klettur upp úr flóanum.” Segir í örnefnaskrá Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá segir að um 1,5 km séu á milli stekkjanna.
Heimildir:Ö-Miklaholt AG, 1; Ö-Miklaholt ath og viðb., 2

MH-264:022 Neðristekkur heimild um stekk
“Rétt neðanvert við túnið og klettana er Stekkur, stundum nefndur Efristekkur til aðgreiningar frá öðrum neðar. Undan Stekknum eru Stekkjarbrekkur, svo er örstutt mýrarsund niður að Einbúa, sem er einstæður klettur upp úr flóanum.” Segir í örnefnaskrá AG. “Suðvestur af

Smáholtum er langt holt, Reiðholt). Norðvestur af því eru Miklaholtsásar, og neðan til í þeim er Neðristekkur, en neðst er Smalaskáli (ás), og norðvestur af honum eru Löngubrekkur. “ Segir í örnefnaskrá LK Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá segir að um 1,5 km séu á milli stekkjanna.
Heimildir:Ö-Miklaholt AG, 1; Ö-Miklaholt LK, 1; Ö-Miklaholt ath og viðb., 2

MH-264:023 Björnshús örnefni
“Vestur undan bæ, heldur norðar, eru svo nefndir Ásar, afbæjar Miklaholtsásar. Þeir eru framhald af Hrísholtunum, og Brúarsund er neðarlega í þeim, vont sund í átt að Ytra-Skógarnesi og er einnig þar. Nyrzt í Ásunum er stórt holt, sem heitir Björnshús. “ Segir í örnefnaskrá Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá segir að ekkert hús sé þarna, heldur hafi smalamaður komist þar í skjól.
Heimildir:Ö-Miklaholt AG, 2; Ö-Miklaholt ath og viðb., 2

MH-264:024 Tófthamar örnefni
“Þá er það austur á leið til Miklaholtssels. Eru þar fyrst flóarimar smáhækkandi, er heita Þrep. Austur af þeim er svo Tófthamar, og holtin, sem þjóðvegurinn liggur um, heita Selholt. Heldur ofar en Þrepin er Grænabrekka.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Miklaholt AG, 2

MH-264:025 Sauðbólsholt örnefni
“Hólslandsásar eru á merkjum móti Hólslandi. Í þeim er Nónás, er nón frá Hólslandi. Hann er hár og bungumyndaður. Þá er aftur þar suður af Sauðabólsholt.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Miklaholt AG, 2

MH-264:026 Grænarúst heimild um landamerki
“ Vestur eða suðvestur af þeim eru merkin í Deildarlækjarbotn, og merkjarústin móti Syðra-Skógarnesi heitir Grænarúst, og er þá næst línan í Hrossabeinsholt.”
Heimildir:Ö-Miklaholt AG, 2

MH-264:027 heimild um rétt
“Neðan undir Vörðuklettum [015] er gömul fjárrétt.” Segir í viðbótum og athugasemdum við örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Miklaholt ath og viðb., 2

MH-264:028 Tröðin heimild um traðir
“Tröðin, djúp tröð, sem lá heim að kirkjunni úr norðaustri gengum Veizluflöt.” Segir í viðbótum og athugasemdum við örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Miklaholt ath og viðb., 2

MH-264:029 Tvísteinaholt heimild um huldufólksbústað
“Tvísteinaholt er um 2ja km langt og er allt í Miklaholtslandi. Þar átti að vera álfakirkja.” Segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Miklaholt ath og viðb., 2

MH-264:030 heimild um fjárhús
“Langás liggur skammt frá bæ í suðsuðvestur, þar eru fjárhús.” Segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Miklaholt ath og viðb., 2

MH-264:031 Draugalág örnefni
“Suðvestan í túninu er löng lág, stundum með tjörn í, og heitir hún Draugalág. Þar vestar eru svo Vörðuklettar, og þá er Gunnhildarskarð.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Miklaholt AG, 1

MH-265 Sel

Hjáleiga Miklaholts MH-264 1714. “Sel heitir hjer hjáleiga í staðarins heimalandi, bygð um lángan aldur so menn ekki geta minni til rekið.” JÁM V, 75 “Landið liggur í vestanverðu Hafursfelli og niður og út um flóalandið.” Snæfellingar og Hnappdælingar II, 26
1920: Tún 2,6ha, 1/4 sléttað, garðar 300m2. “Undirlendið er blaut starmýri vel grasgefin. Sæmilegt er að ræsa hana til túnræktar. En mikið vatn kemur undan hlíðum fellsins. ... Landið er heldur þröngt og verður að rækta land til heyskapar og beitar.” BS, 305

MH-265:001 Sel bæjarhóll bústaður 332206 486167
Samkvæmt túnakorti frá 1920 er bæjarhóll Miklaholtssels mjög sunnarlega og alveg vestast innan heimatúnsins. Þar standa nú útihús.
Núverandi íbúðarhús sem er að grunni til byggt um 1938 er um 20-30m austan við bæjarhól 001 og stendur að öllum líkindum utan heimatúnsins. Heimreiðin liggur milli bæjarhóls og íbúðarhúss.
Bæjarhóllinn stendur undir bröttum hlíðum Hafursfells í landi sem hallar til suðvesturs. Bæjarhóllinn er 80x60m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Upphleðsla hans gæti verið um 3m. Á bæjarhólnum standa útihús með steyptum kjallara sem hefur verið grafinn inn í hólinn.



Bæjarhóll 001, horft til norð-norðausturs.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Túnakort 1920; Snæfellingar og Hnappdælingar II, 245

MH-265:002 heimild um heygarð
Heimildir:Túnakort 1920

MH-265:003 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-265:004 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-265:005 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-265:006 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-265:007 Stóragirði örnefni
“ Norðaustan við bæ er nefnt Stóragirði, og sunnan við það var annað minna, sem nefnt var Minnagirði.” Segir í örnefnaskrá Í athugasemdum og viðbætum við örnefnaskrá segir að milli Stóragirðis og Minnagirðis hafi verið garðlag sem nú sé sléttað.
Heimildir:Ö-Miklaholtssel, 1; Ö-Miklaholtssel ath og viðb., 1

MH-265:008 Minnagirði örnefni
“ Norðaustan við bæ er nefnt Stóragirði, og sunnan við það var annað minna, sem nefnt var Minnagirði.” Segir í örnefnaskrá Í athugasemdum og viðbætum við örnefnaskrá segir að milli Stóragirðis og Minnagirðis hafi verið garðlag sem nú sé sléttað.
Heimildir:Ö-Miklaholtssel, 1

MH-265:009 heimild um leið
“Upp af henni er Grundahóll eða Hóllinn á Grundunum. Neðan við þennan hól eru gamlir götutroðningar.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Miklaholtssel, 1

MH-265:010 heimild um rétt
“Sunnan til við klettabeltin er stór skriða, sem heitir Tummaskriða. Um hana miðja var gömul rétt.” Segir í örnefnaskrá Í athugasemdum og viðbætum við örnefnaskrá segir að réttin við Tummaskriðu hafi verið gömul en síðan endurbyggð árið 1951.
Heimildir:Ö-Miklaholtssel, 1; Ö-Miklaholtssel ath og viðb., 2

MH-265:011 Stekkir örnefni stekkur
“Norðvestur af bæ er keldulækur, sem heitir Mólækur. Svo er það heima á Kastala. Norðvestur af honum inn með fellinu er hóll, sem heitir Stekkir, og norðvestur af honum er slægjuland. Inn með fellinu er flói, sem heitir Dalur. Upp af Dal og í norður frá Stekknum ofan gömlu götu er hóll, sem heitir Lynghóll.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Miklaholtssel, 2

MH-265:012 Sel örnefni sel
“Þar fyrir innan gilið heitir svo Grágrund. Í fjallsrótunum niður af henni er flói, sem nefndur er Dýjaflói, sem reyndar tilheyrir Stóru-Þúfu. Innan við þetta tekur svo við með fjallinu Vegghamrahlíð. Syðra hornið á henni er nefnt Hlíðarhorn, og þar á bak við er gil, er heitir Núpugil og Sel.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Miklaholtssel ath og viðb., 2

MH-265:013 heimild
“Nafnið Sel þekkir B K ekki, en segir, að þarna sé raunar rúst af hjásetukofa á sandhól við Núpugil neðanvert.” Segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Miklaholtssel ath og viðb., 3

MH-265:014 heimild um mógrafir
“Móholt er útsuðurs af Þuruholti. Gömul móbyrgi eru á holtunum og mógrafir í kring.” Segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Miklaholtssel ath og viðb., 2

MH-265:015 heimild

“Móholt er útsuðurs af Þuruholti. Gömul móbyrgi eru á holtunum og mógrafir í kring.” Segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Miklaholtssel ath og viðb., 2

MH-265:016 álagablettur
“Klettur er í túni á leið frá bæ að Kastala; hann er í enda Ranans. Klettur þessi eða klöpp er að mestu grasi vaxinn að ofan, en þau álög fylgja, að ekki má slá þar. faðir BK sló blettinn fyrsta sumar sitt í Miklaholtsseli og missti þá kú. Síðan hefur ekki verið hreyft við honum.” Segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Miklaholtssel ath og viðb., 3

MH-266 Syðra-Skógarnes

32 hdr 1714, konungseign. Máldagi fyrir Miklaholtskrikju “[1181]: a heima land allt [Tjaldeyjar, Ketilsker, Hellusker, Taðnasker að helmingi, reka að helmingi með Skógnesingum, naustgerð, saltgerð, akurgerði] ... Scognesingar eigi einge i miclaholltz lande hia deilldar læk fyrir reka varþveizlo. hafrsfell. lagsardalr. lagsarbacke. þufna land. Rece a homlu barþa. at þeim hluta sem til telsc. nauta afreitur a flotur. Rauþmælingar eigo haga heimilan .xij. hrossom .ij. manoþr i micla holltz land suþr fra huse. oc husrum manne. er gætir. at hafrs felle. skogr i langa dal. hylir .ij. i straumfiarþar a niþr fra laxa.” (DI I 273-274)
1241: Skógarnes nefnd í Sturlungu (Sturlunga I, 451) “[1354]: ä heima [land] allt Jons kirkia Bapiste j Mycklahollte ä heima [land] allt. þufnna lannd. hafurzfell. Hommla hollt. keflavijk hälfa. tialldurzeyiar. reka a hommlubarda. reka frä forslæk vt vmm leynijnngar at helnijngi vid Skognesijnnga. tadnnasker halft oc hellusker hälft. og ketilz sker halft. nostgord oc salltgord j skogarnesland og akurgerdi. nauta afreit ä flautur. skog j lanngadal. hyli ij. j straumfiardarä.” (DI III 82) 1440: Klaustrinu á Helgafelli gefinn fjórðingur í Syðra-Skógarnesi; (DI IV 618; DI VI, 48)
1714 er nefnd nafnlaus eyðihjáleiga.
1714: “Engjar má hjer ekki kalla, nema hvað slegið verður úr hagabeit.” JÁM V, 79. 1920: Tún 6,7ha, mýri 1,6 ha, garðar 700m2. “Talsverður hluti landsins eru brokflóar, blautir á köflum, en þurrir bakkar með sjónum og eru þeir víða vel fallnir til ræktunar og beittar.” Snæfellingar og Hnappdælingar II, 24


MH-266:001 Syðra-Skógarnes bæjarhóll bústaður 328933 480870
“Gamli bærinn var um 30-40 m suðvestan en íbúðarhúsið er nú.” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Bæjarhóllinn er eins og fram kemur í örnefnaskrá um 30m vestar en núverandi íbúðarhús sem bygggt er 1962. Bæjarhóllinn er frekar miðsvæðis í gamla heimatúninu.
Bæjarhóllinn hefur verið sléttaður og er hluti að túni sem er slegið.
Bæjarhóllinn er 50x50m að stærð, upphleðsla hans er um 1,5-2,5m og er hún greinilegust að vestan verðu.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Snæfellingar og Hnappdælingar II,192; Túnakort 1920; Ö-Syðra-Skógarnes ath og viðb, 1; Byggðir Snæfellsness, 308


Bæjarhóll 001, horft til norðausturs.

MH-266:002 tóft óþekkt 328739 480823



Tóft 002, horft til norðvesturs.




Uppdráttur af tóft 002.

Tóft er 170-180m vest-suðvestan við bæjarhól og utan heimatúns.
Tóftin er í grösugum móa.
Tóftin er 8x7m að stærð, snýr suðvestur og norðaustur og hefur að lágmarki verið þrískipt. Austast er hólf sem hefur engan sýnilegan suðausturgafl en lítið op á norðvesturgafli.
Tvö hólf eru í vesturhluta tóftarinnar. Út frá norðaustur langvegg tóftarinnar liggur ógreinileg grjótlögn til norðvesturs eins og framhald af veggnum. Mögulega er þetta ummerki eldri mannvirkja. Vegghleðslur eru 1m á breidd og 60-70cm á hæð. Mjög rúnnaðar og signar. Þær eru hlaðnar úr torfi og grjóti grónar grasi og mosa. Það má telja um 2-3 umför og er grjótið í hleðslunum frekar stórt.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Túnakort 1920

MH-266:003 tóft óþekkt 329142 481000
Tóft er 220m aust-norðaustan við bæjarhól 001 og um 40m aust-norðaustan við útihús sem stendur sunnan við heimreiðina.
Tóftin er í þýfðu mólendi.
Tóftin er 10x10m að stærð og er tvískipt, snýr



Tóft 003, horft til suðurs.



Uppdráttur af tóft 003.

norðvestur og suðausur. Vegghleðslur eru úr torfi og grjóti og er ytrabyrði hærra en innrabyrði. Þær eru um 1-2m á breidd og 60-80cm á hæð, rúnnaðar og signar. Ekki var hægt að telja umför og eru hleðslurnar grónar grasi og mosa.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Túnakort 1920

MH-266:004 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-266:005 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-266:006 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-266:007 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-266:008 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-266:009 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-266:010 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-266:011 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-266:012 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-266:013 heimild um útihús
Heimildir:Túnakort 1920

MH-266:014 heimild um verbúð
1714: “Verstöðu á jörðin þar sem heitir Skógarneshólmi, umflotinn með stærsta sjáfargángi, og gánga þar skip ábúanda so sem þeir megna að eiga, eitt eður fleiri. Aldrei hafa hjer grasnytjarbúðir bygðar verið og aldrei þurrar búðir til ársvistar fyrir menn, heldur verbúðir alleina. Þær eru nú sjö og hafa aldrei fleiri verið það menn til muna.” “Þá er næst frá Brunnhól; næst sjó er svo Búðhólmur og Skiphólmur og Háhólmur, sem er hæstur og fremstur. Í Búðhólma var verzlunarstaður. Þarna var byggð frá 1908 – 22. Lendingin myndaðist inn með Skiphólma.” Segir í örnefnaskrá
1714: “Þeir sem hjer eiga inntökuskip gjöra sjálfir búðir hver fyrir sína skipshöfn, og tjalda til ábúandans skipeigendur alleinir vertoll ... Staðurinn Miklaholt á hjer búðarstöðu og skipsuppsátur frí. ...”
“Úr Skógarnesi eða - hólma hefur verið útræði frá ómunatíð ... Um aldamótin 1500 er þarna stærsta útver á þessum slóðum með sjö verbúðum, um eitt skeið, en á 18. öld

fækkar þeim og árið 1754 eru þær orðnar fimm. Lending þótti allgóð við Skiphólm ... Á Búðahólmi hafa verbúðirnar trúlega verið og þar stóð síðar verslunarhús, en á Háhólmi var grösug álagabrekka, sem ekki mátti slá ... Í lindinni á Brunnhóli brást ekki drykkjarvatn ... Þrautalending var í Önundarvogi þar vestur af." Segir í ábúandasögu Eyja- og Miklaholtshrepps.
Heimildir:JÁMV, 79; Ö-Syðra-Skógarnes AG, 5; Snæfellingar og Hnappdælingar II, 215

MH-266:015 heimild um þingstað
"Suðvestur af bænum í Syðra-Skógarnesi var löggiltur verslunarstaður árið 1905. Voru þá fljótlega byggð þar tvö verslunarhús á höfða þeim fram við sjóinn er kallast Búðarhöfði. Þar höfðu verbúðir staðið fyrr á öldum ... Tang og Riis í Stykkishólmi reið á vaðið með verslunarhús í Skógarneshólma, en hætti rekstri þar árið 1922 og voru þá allar eignir verslunarinnar seldar." Segir í ábúandasögu Eyja- og Miklaholtshrepps. "Þá er næst frá Brunnhól; næst sjó er svo Búðhólmur og Skiphólmur og Háhólmur, sem er hæstur og fremstur. Í Búðhólma var verzlunarstaður. Þarna var byggð frá 1908 – 22. Lendingin myndaðist inn með Skiphólma." Segir í örnefnaskrá
"Úr Skógarnesi eða - hólma hefur verið útræði frá ómunatíð ... Um aldamótin 1500 er þarna stærsta útver á þessum slóðum með sjö verbúðum, um eitt skeið, en á 18. öld fækkar þeim og árið 1754 eru þær orðnar fimm. Lending þótti allgóð við Skiphólm ... Á Búðahólmi hafa verbúðirnar trúlega verið og þar stóð síðar verslunarhús, en á Háhólmi var grösug álagabrekka, sem ekki mátti slá ... Í lindinni á Brunnhóli brást ekki drykkjarvatn ... Þrautalending var í Önundarvogi þar vestur af." Kaupamenn hófu að sigla í Hólminn upp úr 1890, fyrst þurfi fólk út úi skipin til að versla síðar tjölduðuð kaupmenn í landi. Eftir að Hólmurinn var kaupstaður 1905 reistu menn fljótlega hús á staðnum.
Heimildir:Snæfellingar og Hnappdælingar II, 25, 215; Ö-Syðra-Skógarnes AG, 5

MH-266:016 heimild um lendingu
"Þá er næst frá Brunnhól; næst sjó er svo Búðhólmur og Skiphólmur og Háhólmur, sem er hæstur og fremstur. Í Búðhólma var verzlunarstaður. Þarna var byggð frá 1908 – 22. Lendingin myndaðist inn með Skiphólma." Segir í örnefnaskrá
"Úr Skógarnesi eða - hólma hefur verið útræði frá ómunatíð ... Um aldamótin 1500 er þarna stærsta útver á þessum slóðum með sjö verbúðum, um eitt skeið, en á 18. öld fækkar þeim og árið 1754 eru þær orðnar fimm. Lending þótti allgóð við Skiphólm ... Á Búðahólmi hafa verbúðirnar trúlega verið og þar stóð síðar verslunarhús, en á Háhólmi var grösug álagabrekka, sem ekki mátti slá ... Í lindinni á Brunnhóli brást ekki drykkjarvatn ... Þrautalending var í Önundarvogi þar vestur af. ... Upp úr 1890 hefjast reglubundnar skipaferðir með fólk og flutning frá Reykjavík í Skógarneshólma ... " Segir í ábúandasögu Eyja- og Miklaholtshrepps., þar er ljósmynd af gamalli lendingu.
Heimildir:Ö-Syðra-Skógarnes AG, 5; Snæfellingar og Hnappdælingar II, 184, 215

MH-266:017 heimild um vatnsból
"Þá er næst frá Brunnhól; næst sjó er svo Búðhólmur og Skiphólmur og Háhólmur, sem er hæstur og fremstur. Í Búðhólma var verzlunarstaður. Þarna var byggð frá 1908 – 22. Lendingin myndaðist inn með Skiphólma." Segir í örnefnaskrá
"Úr Skógarnesi eða - hólma hefur verið útræði frá ómunatíð ... Um aldamótin 1500 er þarna stærsta útver á þessum slóðum með sjö verbúðum, um eitt skeið, en á 18. öld fækkar þeim og árið 1754 eru þær orðnar fimm. Lending þótti allgóð við Skiphólm ... Á Búðahólmi hafa verbúðirnar trúlega verið og þar stóð síðar verslunarhús, en á Háhólmi var grösug álagabrekka, sem ekki mátti slá ... Í lindinni á Brunnhóli brást ekki drykkjarvatn

... Þrautalending var í Önundarvogi þar vestur af." Segir í ábúandasögu Eyja- og Miklaholtshrepps.
Heimildir:Ö-Syðra-Skógarnes AG, 5; Snæfellingar og Hnappdælingar II, 215

MH-266:018 Önundarvogur heimild um lendingu
"Úr Skógarnesi eða - hólma hefur verið útræði frá ómunatíð ... Um aldamótin 1500 er þarna stærsta útver á þessum slóðum með sjö verbúðum, um eitt skeið, en á 18. öld fækkar þeim og árið 1754 eru þær orðnar fimm. Lending þótti allgóð við Skiphólm ... Á Búðahólmi hafa verbúðirnar trúlega verið og þar stóð síðar verslunarhús, en á Háhólmi var grösug álagabrekka, sem ekki mátti slá ... Í lindinni á Brunnhóli brást ekki drykkjarvatn ... Þrautalending var í Önundarvogi þar vestur af." Segir í ábúandasögu Eyja- og Miklaholtshrepps.
Heimildir:Snæfellingar og Hnappdælingar II, 215

MH-266:019 Tröð örnefni traðir
"Svo er ytri hluti túnsins í einu nafni nefndur Úttún. Í því eru aftur ýmis nöfn. Þar voru t. d. Ögmundarrúst og Traðarhóll; þar var fjóströð, og Tröð yzt í Úttúni, en svo sólarsinnis Taðhóll; þar voru fjárhúsin, svo smáblettur, er heitir Helgareitur ..." Segir í örnefnaskrá Í athugasemdum við örnefnaskrá segir að þetta hafi verið fjártröð.
Heimildir:Ö-Syðra-Skógarnes AG, 1; Ö-Syðra-Skógarnes ath og viðb, 1

MH-266:020 heimild um fjárhús
"Svo er ytri hluti túnsins í einu nafni nefndur Úttún. Í því eru aftur ýmis nöfn. Þar voru t. d. Ögmundarrúst og Traðarhóll; þar var fjóströð, og Tröð yzt í Úttúni, en svo sólarsinnis Taðhóll; þar voru fjárhúsin, svo smáblettur, er heitir Helgareitur ..." Segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Syðra-Skógarnes AG, 1

MH-266:021 Kvíabarð örnefni kvíar
"Suðvestur af túni er svo Kvíabarð, og spöl suður af því er Garðsendadý. Þangað náði túngarðurinn áður fyrr." Segir í örnefnaskrá Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá segir: "Kvíabarð. Þar voru aðalkvíarnar og fært þar frá fram undir 1912 (Kristín man, að það ár var ekki fært frá). Rústir sjást."
Heimildir:Ö-Syðra-Skógarnes AG, 1; Ö-Syðra-Skógarnes ath og viðb, 2

MH-266:022 heimild um túngarð
"Suðvestur af túni er svo Kvíabarð, og spöl suður af því er Garðsendadý. Þangað náði túngarðurinn áður fyrr." Segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Syðra-Skógarnes AG, 1

MH-266:023 Torfdalur örnefni rista
"Niður af Kvíabarði er holt, sem heitir Litlaholt, en suðvestur af Kvíabarði er mýrardæld, sem heitir Torfdalur, og Torfdalsholt er vestan við þennan dal." Segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Syðra-Skógarnes AG, 1

MH-266:024 heimild um mógrafir
"Þá er næst Veisukelduholt, sem er framhald til norðvesturs af Torfdalsholtum, sem eru tvö samliggjandi holt nokkuð sér og mótekja kringum þau." Segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Syðra-Skógarnes AG, 1

MH-266:025 Landamerkjarúst heimild um landamerki
“Þá tekur við sundafláki, er heitir Sund, allstór flói norðaustur og norður af Langásum og þar norður af í Landamerkjarúst, smágrjóthól á merkjum milli Skógarnesjanna.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Syðra-Skógarnes AG, 2

MH-266:026 Kolholt örnefni kolagröf
“Efstu holtin suður af Hrossbeinaholti heita Kolholt, svo er Litli-Grænistapi og Grænistapi. Austur af honum eru svo Þrívörður.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Syðra-Skógarnes AG, 2

MH-266:027 Þrívörður örnefni
“Efstu holtin suður af Hrossbeinaholti heita Kolholt, svo er Litli-Grænistapi og Grænistapi. Austur af honum eru svo Þrívörður.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Syðra-Skógarnes AG, 2

MH-266:028 Fjárhúsás heimild um útihús
“Niður frá Þrívörðum, beint í suður yfir Sund, er ás, sem heitir Fjárhúsás; þar eru rústir eftir eitthvað, og vestur af honum er Háaholt e[ð]a Vörðuholt.” Segir í örnefnaskrá Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá segir: “Rústirnar á Fjárhúsás eru eftir hagahús.”
Heimildir:Ö-Syðra-Skógarnes AG, 2; Ö-Syðra-Skógarnes ath og viðb, 2

MH-266:029 Vörðuholt örnefni
“Niður frá Þrívörðum, beint í suður yfir Sund, er ás, sem heitir Fjárhúsás; þar eru rústir eftir eitthvað, og vestur af honum er Háaholt e[ð]a Vörðuholt.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Syðra-Skógarnes AG, 2

MH-266:030 Bólholt örnefni
“Svo aftur vestur á bóginn. Þar er dálítið stórt holt með brekku undir. Holtið heitir Böðvarsbrekka. Neðan hennar er dý, milli þess og Bólholts, er síðar getur. Suðaustur af Böðvarsbrekku er Svartimelur, þá er Bólholt, er aðskilið af smásundi, er rétt niður við túnið.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Syðra-Skógarnes AG, 2

MH-266:031 Engjagarður heimild um heygarð
“. Vestan við lækinn heita Deildarlækjar-forir. Norðvestur af Sótagrófarrima og norðvestur austan Fjárhúsáss er flóasund, sem heitir Illasund. Í Illasundi, vestan við lækjarbotna, er Engjagarður. Þar var sett saman hey áður fyrr, það sem slegið var í Deildarlækjarforum og „á lækjum“.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Syðra-Skógarnes AG, 2

MH-266:032 Grænarúst heimild um landamerki
“Grænarúst er á merkjum, svo eru Deildarlækjarbotnar (66), eru á merkjum, upptök lækjarins.” Segir í örnefnaskrá. Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá segir: “Grænarúst; holt og móar, lítt sýnileg rúst.”
Heimildir:Ö-Syðra-Skógarnes AG, 2; Ö-Syðra-Skógarnes ath og viðb, 3

MH-266:033 Lestarbrekkur heimild um áfangastað
“Vestan við það, meðfram sjó, tekur við holt, sem heitir Lestabrekkuholt, og undir því eru

Lestabrekkur. Þar hefur verið áð í skjóli fyrir norðanátt, þá komið var af fjörunum.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Syðra-Skógarnes AG, 3

MH-266:034 heimild um nátthaga
“Sunnan í Háholtum, í brekkunni, er Nátthagi, hlaðinn af Þorleifi, sem nú er á Þverá. Þá er næst, með sjó, Móhamar, og vestan við hann er Móhamarsvík. Sunnan í Móhamri er gamall nátthagi.” Segir í örnefnaskrá Byggður um 1920.
Heimildir:Ö-Syðra-Skógarnes AG, 3; Ö-Syðra-Skógarnes ath og viðb, 3

MH-266:035 heimild um nátthaga
“Sunnan í Háholtum, í brekkunni, er Nátthagi, hlaðinn af Þorleifi, sem nú er á Þverá. Þá er næst, með sjó, Móhamar, og vestan við hann er Móhamarsvík. Sunnan í Móhamri er gamall nátthagi.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Syðra-Skógarnes AG, 3

MH-266:036 Stekkur örnefni stekkur
“Í norðvestur af Móhamri er Stekkur og Stekkjarholt. Norðaustur af Stekknum er klettastapi í holtinu, sem heitir Arnarstapi, en er nú stundum nefndur Stekkjarborg. Þar sat örninn áður fyrr og þótti viðsjárverður, þegar verið var að stía ánum. Framhald af Stekkjarholti til hánorðurs er holt, sem heitir Brúarholt.” Segir í örnefnaskrá. Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá segir að þetta hafi verið eini stekkurinn og var stíað þar í tíð Kristínar og líklega móður hennar.
Heimildir:Ö-Syðra-Skógarnes AG, 3; Ö-Syðra-Skógarnes ath og viðb, 3

MH-266:037 heimild um kvíar
“En vestan við Brúarholt, nær bæ, aðskilið af litlu sundi, er smástapi, er heitir Brúarstapi. Þaðan og vestur að túni heitir Byrgi; þar voru kvíar.” Segir í örnefnaskrá. Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá segir: “Rústir eftir Byrgi sjást, en Kristín telur þetta vera gamalt fisk- eða móbyrgi. “Suður á Byrgjum” er venjulega sagt. Í laginu eins og fjárstekkur.”
Heimildir:Ö-Syðra-Skógarnes AG, 3; Ö-Syðra-Skógarnes ath og viðb, 3

MH-266:038 Dys dys
“Svo eru fremst við nesið klettar, er heita Tígulgjárklettar, draga nafn af gjá, sem var í þá og hét Tígulgjá. Nú er hún horfin, því sjór hefur brotið klettana. Vestur af gjánni var grjótkampur, en lítil melgrasþúfa kom þar, og síðan hefur það breiðzt út. Norðvestur af Tígulgjá er upphlaðið, sem líkist dysi, mannaverk, stórt um sig, gæti verið skip; er ekki undir 6 m á lengd og eins á breidd. Þyrfti að athuga það. Hóll þessi nefnist Dys.” Segir í örnefnaskrá Bónda, sem sofnaði þar, dreymdi eitt sinn, að til hans kæmi maður og færi með vísu þessa: Hét Ásmundur hreppstjórinn, heillastandið efldi án dvalar. Var af lýðum vel metinn, öll framandi þjóð svo talar.
Heimildir:Ö-Syðra-Skógarnes AG, 4

MH-266:039 Sjávartröð heimild um traðir
“Þá er komið að hól, er heitir Tröð eða Sjávartröð. Munnmæli eru, að hér hafi verið akrar og þá helzt hér. Hún hefur verið girt, en er nú að blása upp, og þá kemur grjótið fram.” Segir í örnefnaskrá Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá segir: “Við Sjávartröð sést greinilega fyrir veggjahleðslu.”
Heimildir:Ö-Syðra-Skógarnes AG, 5; Ö-Syðra-Skógarnes ath og viðb, 5

MH-266:040 heimild um akur
“Þá er komið að hól, er heitir Tröð eða Sjávartröð. Munnmæli eru, að hér hafi verið akrar og þá helzt hér. Hún hefur verið girt, en er nú að blása upp, og þá kemur grjótið fram.” Segir í örnefnaskrá
Máldagi fyrir Miklaholtskrikju “[1181]: a heima land allt [Tjaldeyjar, Ketilsker, Hellusker, Taðnasker að helmingi, reka að helmingi með Skógnesingum, naustgerð, saltgerð, akurgerði] ... Scognesingar eigi einge i miclaholltz lande” (DI I 273-274) “[1354]: ä heima [land] allt Jons kirkia Bapiste j Mycklahollte ä heima [land] allt. ... nostgord oc salltgord j skogarnesland og akurgerdi..” (DI III 82)
Heimildir:Ö-Syðra-Skógarnes AG, 5

MH-266:041 bæjarstæði býli
1714: “Hjáleiga hefur hjer verði í túninu, í auða fyrir manna minni; vita menn ekki þar um að undirrjetta nema það eitt, að hún má ei aftur byggjast jörðinni að skaðlausu.”
Heimildir:JÁM V, 79

MH-266:042 Smiðjuhóll örnefni smiðja
“Fyrir austan bæinn er Háatún, en fyrir framan bæinn er Smiðjuhóll.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Syðra-Skógarnes LK, 1

MH-266:043 Brunnhóll örnefni brunnur
“Milli Traðar og Brunnhóls eru Brunnhólsbakkar.” Segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Syðra-Skógarnes LK, 1

MH-266:044 varða
“Litli-Fiskhamar og Stóri-Fiskhamar eru hvor um sig í eintölu. Varða er á Stóra-Fiskhamri.” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá.
Heimildir:Ö-Syðra-Skógarnes ath og viðb, 4

MH-266:045 álagablettur
“Þá er næst frá Brunnhól; næst sjó er svo Búðhólmur]sjá 015] og Skiphólmur og Háhólmur, sem er hæstur og fremstur. Í Búðhólma var verzlunarstaður. Þarna var byggð frá 1908 – 22. Lendingin myndaðist inn með Skiphólma.” Segir í örnefnaskrá “Háhólmur, þar er álagablettur, sem ekki má slá, en raunar er þar eftir litlu að slægjast.” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá.
Heimildir:Ö-Syðra-Skógarnes AG, 5; Ö-Syðra-Skógarnes ath og viðb, 4

MH-266:046 Ögmundarrúst örnefni
“Svo er ytri hluti túnsins í einu nafni nefndur Úttún. Í því eru aftur ýmis nöfn. Þar voru t. d. Ögmundarrúst og Traðarhóll; þar var fjóströð, og Tröð yzt í Úttúni ...” Segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Syðra-Skógarnes AG, 1

MH-266:047 heimild um traðir
“Svo er ytri hluti túnsins í einu nafni nefndur Úttún. Í því eru aftur ýmis nöfn. Þar voru t. d. Ögmundarrúst og Traðarhóll; þar var fjóströð, og Tröð yzt í Úttúni ...” Segir í örnefnaskrá
Heimildir:Ö-Syðra-Skógarnes AG, 1

MH-711 Miklaholtshreppur

Fornleifar á fleiri en 1 jörð.


MH-711:006 varða leið 331215 482428
“Að versluninni í Skógarnesi lágu leiðir úr þremur áttum og var aðeins ein þeirra sæmilega kerrufær. Það var leiðin úr Eyjahreppi. Verst var leiðin ofan af fjallabæjunum. Hún lá um ógræðismýrar og varð að þræða svonefndar vatnsbrýr yfir verstu foræðin. Utan úr Staðarsveit lá leiðin um Stakkhamarfjörur, sem eru hluti af Löngufjörum.” Segir í ábúandasögu Eyja- og Miklaholtshrepps. Leiðin að Skógarnesi úr Eyjahreppi hefur að öllum líkindum verið vörðuð. Vörðurnar sem hér er lýst eru fimm talsins og voru skráðar í tengslum við lagninu ljósleiðara 2016. Þær liggja samsíða vegi sem liggur frá Hausthúsum MH-232 og að Skógarnesi MH-266.
Einungis hluti af leiðinni var skráður en vörðurnar standa á litlum klettum í annars frekar



Varða 1, horft til suðvesturs.



Varða 2, horft til austurs



Varða 3, horft til suðurs.



Varða 4, horft til suðvesturs

flötum og mýrlendum móa.
Varða 1: Varðan er 1x1m að stærð, um 60cm á hæð og 2-4 umför. Hún er hrunin til austurs, öll mosa vaxin og er þykkur gróðurkragi umhverfis hana.
Varða 2: (Hnit: A: 330943 N: 482316) Hún er 1x1m að stærð, 70-80cm á og um 5 umför. Hún lýtur út fyrir að hafa verið ferhyrnd í grunninn og umhverfis hana er þykkur og stór gróðurkragi.
Varða 3: (Hnit A: 329723 N:481565) Varðan er 1x1m að stærð , um 50cm á hæð og 2-3 umför. Hún er hlaðin úr stóru grjóti en er töluvert sigin, gróin mosa og er umhverfis hana stór og

þykkur gróðurkragi.
Varða 4: (Hnit: A:329932 N: 481701)
Varðan er 1x1m að stærð, 110cm á hæð og 5-6 umför. Hún er svo til ferhyrnd, hlaðin úr stóru grjóti, gróin og er þykkur gróðurkragi umhverfis hana.
Varða 5: (Hnit: A:328438 N:480650)
Varðan er mikið til yfirgróin, um 1,5x1,5m að stærð og um 60cm á hæð. Hefur að öllum líkindum verið ferhyrnd í grunninn en virðist mikið til vera hrunin.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Snæfellingar og Hnappdælingar II, 194



Varða 5, horft til norð-norðausturs.

5. Niðurstöður

Hluti 1:
Aðeins var skráð ein þúst (MH-242:005) í námunda við þennan hluta lagnarinnar en hún er rúmum 50 m norðan við línustæðið og er því vel utan við áhrifasvæði þess. Þústin er í landi Gerðubergs MH-242 og er sýnd á skipulagsuppdrætti (sjá: Hluti_1). Almennt má segja að línustæðið liggi um blautt mýrlendi sem er nokkuð þýft. Það er frekar flatlent en með stöku klettaholti.



Horft yfir línustæði hluta 1. Almennt má sega að línustæðið liggi yfir þýft deiglendi.

Hluti 2:
Línustæðið fer í gegnum heimatúnin á Söðulholti (MH-237), Hrossholti (MH-230) og Kolviðarnesi (MH-231) og að íbúðarhúsum á viðkomandi jörðum. Íbúðarhúsin á Söðulholti og Hrossholti eru byggð á gömlum bæjarhólum (MH-237:001 og MH-230:001) en íbúðarhúsið á Kolviðarnesi er þétt austan við gamlan bæjarhól MH-231:001. Við heimreiðina hjá Kolviðarnesi liggja tvær línulagnir frá aðallögninni, önnur að íbúðarhúsi Kolviðarness en hin að „Mastri Neyðarlínu“ (sjá skipulagsuppdrátt Hluti_2_5). Hjá mastrinu er garðlag MH-231:003 og tóft MH-231:004 en ráðgerð lega línustæðis liggur svo til samsíða garðlaginu og alveg að tóftinni. Það má að öllum líkindum hlífa þeim við lagningu línunnar.



Horft yfir línustæði hluta 2, milli Söðulsholts og Lindarbrekkuskóla. Línustæðið liggur yfir flata mýri

Samkvæmt skipulagsuppdrætti liggur línustæðið frá Laugagerðisskóla og að Kolviðarnesi norðvestan við heimreiðina að Kolviðarnesi en gerðar hafa verið breytingar á legu línunnar á þessum kafla, frá því sem gert var ráð fyrir á skipulagsuppdrætti, vegna óska frá ábúenda á Kolviðarnesi, Jóni Oddssyni. Eggert Kjartansson, oddviti kynnti þessa breytingu fyrir Stefáni Ólafssyni fornleifafræðingi á fundi þeirra 2. maí 2016. Línustæðinu milli hnita 73, 74 og 75 (sjá skipulagsuppdrátt) var því ekki fylgt heldur fór úttektin fram í samræmi við breytingar, þ.e.a.s. gengið var eftir nýjum áætlunum um línustæði, suðaustan við heimreiðina, milli framræsluskurðar og vegar. Hnit voru tekin á þessum breytta kafla og eru þau hér sett fram sem tillögur 1-3 (sjá Hluti_2_4).
Hreppurinn gerði einnig aðra breytingu á legu línustæðis milli íbúðarhúsa á Kolviðanesi og Miðholti að ósk Jóns Oddsonar ábúanda. Ný hnit af því línustæði er tillaga 4-6 (sjá Hluti_2_4).

Tillaga 1: 337340,483438
Tillaga 2: 336982,482973
Tillaga 3: 336885,482788
Tillaga 4: 336646,482660
Tillaga 5: 336397,482583
Tillaga 6: 336376,482543

Hluti 3:
Línustæðið að Miklaholtsseli (MH-265) liggur austan við heimreið að íbúðarhúsi. Línustæðið liggur aðeins að litlu leyti innan gamla heimatúnsins (samkvæmt túnakorti frá 1920). Núverandi íbúðarhús stendur austan við bæjarhólinn og mun línan því ekki liggja í gegnum hólinn (sjá skipulagsuppdrátt Hluti_3).



Horft yfir hluta 3. Línustæðið liggur austan megin meðfram heimreiðinni á Miklaholtsseli. Horft til suð-suðvesturs.

Hluti 4:
Ráðgert er að línustæðið liggi þvert í gegnum heimatún Miklaholts (MH-264) og í gegnum tóftir MH-264:003, MH-264:004 og MH-264:005 sem þar eru enn. Samkvæmt túnakorti frá 1920 er um að ræða heygarð eða rúst, peningshús og matjurtagarð. Línustæðið fer einnig í gegnum garðlag sem er 80-90 m austar en umrædd tóftaþyrping. Um 50 m norðan og austan við minjasvæðið eru engar sýnilegar fornleifar og því er hér með lagt til að færa línustæðið þangað til að forða raski á umræddu minjasvæði. Tillögur að breytingum má sjá á skipulaguppdrætti Hluti_4_1. Hnitin eru:



Horft yfir Deildarlæk sem liggur um línustæði í hluta 4. Horft til suðurs.

Tillaga 7: 330481,484572
Tillaga 8: 330529,484537
Tillaga 9: 330568,484514
Tillaga 10: 330583,484499
Tillaga 11: 330572,484404
Tillaga 12: 330556,484364

Suðvestan við Hausthús er ráðgert að línustæðið liggi meðfram, að því er virðist, upphlöðnum vegi MH-232:003, í gegnum tóft MH-232:004 og nálægt gömlum bæjarhól Hausthúsa MH-232:001. Samkvæmt túnakorti frá 1920 er núverandi íbúðarhús ekki á eldra bæjarstæði/bæjarhól heldur um 50m suðaustan við hann. Til að forða minjunum við skemmdum er möguleiki á að færa línustæðið um 15-20m sunnar og voru tekin tvö hnit þar sem tillögur um breytingar. Umræddar breytingar má sjá á skipulaguppdrætti. Hnitin eru:

Tillaga 13: 331924,482718
Tillaga 14: 332013,482778

Milli Hausthúsa og Syðra-Skógarness liggur línustæðið við varðaða leið MH-711:006. Fimm vörður sem tilheyra þessari leið liggja nokkuð nærri línustæðinu. Þær standa allar á klettaholtum og eiga þær því ekki að vera í hættu vegna línustæðisins (Sjá Hlutakort 4_4).

Við Syðra-Skógarnes liggur línustæðið all nærri tóft MH-266:003, þá yfir hluta heimatúns og að íbúðarhúsi sem stendur austan við gamla bæjarhólinn. Frá íbúðahúsinu liggur línustæðið áfram til suðvesturs, fer þvert yfir bæjarhól Syðra-Skógarness MH-266:001 og að hniti 123 (sjá skipulagsuppdrátt). Til að forða raski á öllum sýnilegum og þekktum minjastöðum þarf að

færa línustæðið. Við vettvangsvinnu voru tekin hnit sem nota átti í tillögu að breyttu línustæði en við nánari athugun kom í ljós að þau fara yfir útihús sem hafa verið sléttuð og sáust ekki á yfirborði. Önnur tillaga sem reyndar var ekki skoðuð á vettvangi væri að láta línustæðið liggja sem næst heimreiðinni (sjá tillögu 15 og tillögu 21 á Hlutakorti 4_3). Við það myndi línustæðið liggja örlítið norðvestar en núverandi skipulag gerir ráð fyrir. Í staðinn fyrir línustæðið sem fer þvert yfir heimatún og bæjarhól Syðra-Skógarness (sjá skipulagsuppdrátt hnit 122 til 123) er gerð tillaga þess efnis að búa til grein frá umræddu línustæði norðaustan við heimatúnið og láta hana fylgja vegarslóða sem liggur til suðausturs, austan heimatúns (sjá tillöguhnit 16, 17 og 18 á Hlutakorti 4_3). Þessum vegarslóða myndi línustæðið fylgja að fráveituskurði sem liggur meðfram suðausturmörkum heimatúnsins. Við suðvestur-horn heimatúnsins myndi línustæðið beygja að áður fyrirhuguðu línustæði og fylgja því þar eftir óbreytt (sjá Hlutakort 4_3). Hnitin eru:

Tillaga15: 329199,481106
Tillaga16: 329207,481046
Tillaga17: 329306,480992
Tillaga18: 329303,480903
Tillaga19: 328852,480676
Tillaga20: 328788,480800
Tillaga 21: 329117,481023

Hluti 5

Línustæðið liggur frá þjóðvegi 54 (Snæfellsnesvegi) að Nýpustöðum sem er nýbýli. Það liggur um sléttað tún næst þjóðveginum en að stærstum hluta um þýft deiglendi og ekki nærri neinum sýnilegum fornleifum.



Horft yfir línustæði hluta 5. Línustæðið liggur um sléttað tún næst þjóðvegi en að stærstum hluta um deiglendi.

Hluti 6

Línustæðið liggur að veiðihúsi og íbúðarhúsi í landi Dals en virðist liggja utan heimatúnsins. Að stærstum hluta liggur það um mólendi og nærri bökkum Straumfjarðarár og ekki nærri neinum sýnilegum fornleifum.

Hluti 7

Núverandi húsakostur Hrísdals stendur allur norðaustast innan gamla heimatúnsins en samkvæmt túnakorti Hrísdals frá 1920 stóðu einungis útihús þar. Bæjarhúsin stóðu svo til miðsvæðis innan heimatúnsins en hafa núna verið sléttuð. Línustæðið liggur að heimatúni Hrísdals og meðfram suðaustur jaðri þess að íbúðarhúsi sem byggt er 19xx. Það liggur því að stærstum hluta utan heimatúns. Húsakostur í Hrísdal virðist hafa verið töluvert endurnýjaður og voru engar sýnilegar fornleifar nærri línustæðinu.



Horft yfir línustæði hluta 6. Á myndinni sést Kaldakvísl til hægri. Horft til suðausturs.


Hér að ofan hafa verið gerðar tillögur að breyttu línustæði í þeim tilvikum þar sem augljóst þótti að núverandi línustæði færi yfir sýnilega minjastaði. Sé þessum breytingartillögum fylgt má forðast skemmdir á þeim. Það þarf þó að hafa í huga að línustæðið fer í gegnum gömul heimatún á Söðulholti, Hrossholti, Kolviðarnesi, Miklaholti, Hausthúsum, Syðra-Skógarnesi og Hrísdal þó í mis miklum mæli. Tillögurnar hér að ofan miðast við sýnilegar minjar. Þó að engar fornleifar sjáist á yfirborði þeirra heimatúna, sem tillögur um breytt línustæði taka til, er ekki hægt að útiloka að þær gætu verið undir yfirborði. Það er Minjastofnunar Íslands að leggja mat á gildi þeirra og úrskurða um hvort áhrif framkvæmda á umrædda staði séu ásættanleg og þá til hvaða mótvægisaðgerða gæti þurft að grípa. Samkvæmt 22. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012) er 15 metra friðhelgt svæði umhverfis fornleifar.
Að lokum skal minnt á það sem segir í 24. grein laga um menningarminjar:
Finnist fornminjar sem að áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.
Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands. Minjastofnun Íslands er heimilt að stöðva framkvæmdir í allt að fimm virka daga meðan rannsókn fer fram hafi stofnunin rökstuddan grun um að fornminjar muni skaðast vegna framkvæmda. Verði ekki orðið við fyrirmælum stofnunarinnar um stöðvun framkvæmda er henni heimilt að leita atbeina lögreglu ef með þarf til að framfylgja þeim og beita dagsektum í því skyni, sbr. 55. gr.

Heimildir


Byggðir Snæfellsness (1977). Þórður Kárason, Kristján Guðbjartsson og Leifur Kr. Jóhannesson (ritnefnd). Reykjavík: Búnaðarsamband Snæfellinga.
BS: Sjá Byggðir Snæfellsness
DI IX: Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn IX, (1909-1913). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag
FF: *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823* (1983). Sveinbjörn Rafnsson (bjó til prentunnar). Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar
Haraldur Matthíasson (1982). Landið og landnáma I. Reykjavík: Örn og Örlygur hf.
JÁM V: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín.* Árnessýsla. Bindi V. Kaupmannahöfn 1918-1921
JJ: J. Johnsen (1847). *Jarðatal á Íslandi.* Kaupmannahöfn: J. Johnsen
PP: Prestatal og prófasta á Íslandi (1949). Björn Magnússon (sá um útgáfuna). Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag.
Snæfellingar og Hnappdælingar II
SSS: Sýslu og sóknarlýsingar, Snæfellsnes III (1970). Svavar Sigmundsson og Ólafur Halldórsson (sáu um útgáfuna). Reykjavík: Snæfellingaútgáfan

Óútgefnar heimildir:
Túnakort 1920: Túnakort Hrunamannahrepps. Þjóðskjalasafn Íslands.
Ö-Akurholt og Hrossholt: Lúðvík Kristjánsson skráði. Örnefnastofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
Ö-Dalur: Gunnar Guðbjartsson skráði. Örnefnastofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
Ö-Dalur ath og viðb: Brynjúlfur Sæmundsson skráði. Örnefnastofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
Ö-Gerðuberg: Lúðvík Kristjánsson skráði. Örnefnastofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
Ö-Hausthús: Lúðvík Kristjánsson skráði. Örnefnastofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
Ö-Hrísdalur: Þorleifur Jóhannesson skráði. Örnefnastofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
Ö-Hrísdalur ath og viðb: Brynjúlfur Sæmundsson skráði. Örnefnastofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
Ö-Hrútsholt
Ö-Kolviðarnes svör við sp: Ari Gíslason skráði: Örnefnastofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
Ö-Kolviðarnes viðb: Ari Gíslason skráði: Örnefnastofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
Ö-Kolviðarnes: Lúðvík Kristjánsson skráði. Örnefnastofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
Ö-Miklaholt AG: Ari Gíslason skráði: Örnefnastofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
Ö-Miklaholt ath og viðb.: Brynjúlfur Sæmundsson skráði. Örnefnastofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
Ö-Miklaholt LK: Lúðvík Kristjánsson skráði. Örnefnastofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
Ö-Miklaholtssel: Ari Gíslason skráði: Örnefnastofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
Ö-Miklaholtssel ath og viðb.: Brynjúlfur Sæmundsson skráði. Örnefnastofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
Ö-Söðulsholt: Ari Gíslason skráði: Örnefnastofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
Ö-Syðra-Skógarnes AG: Lúðvík Kristjánsson skráði. Örnefnastofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
Ö-Syðra-Skógarnes LK: Ari Gíslason skráði: Örnefnastofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
Ö-Syðra-Skógarnes ath og viðb: Brynjúlfur Sæmundsson skráði. Örnefnastofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.



FORNLEIFASTOFNUN
ÍSLANDS





Bleiku línurnar sýna línustæðin sem voru gengin.
Þeim hafa verið gefin aðgreinandi heiti frá Hluta 1-7
til að auðvelda umfjöllun.





DRÖG AÐ SKÝRSLU



Hluti 2
Leiðari 144
Rauðkollsstaðir
Hrútsholt
Sóðulsholt
Hrossholt
Leiðari 48
Leiðari 4
Leiðari 12
Leiðari 24
Borhola
Mastur
Neiðarlína
Kolviðarnes
Miðholt
Ferðaþjónustan
Fjaran
500 0 500 1000 1500 2000 m



Hluti 2_1
Leiðari 48
Leiðari 4
Leiðari 4
Leiðari 4
Leiðari 48
Söðulsholt
Mörk heimatúns samkvæmt túnakorti frá 1920
eru sýnd með brotinni línu.
bæjarstæði, kálgarður og heygarðar
Peningshús samkvæmt túnakorti frá 1920
100 0 100 200 300 400 m



Hluti 2_2
Leiðari 48
Leiðari 4
Leiðari 4
Leiðari 4
Söðulsholt
Leiðari 48
Hrossholt
230001
Hrútsholt
Leiðari 12
Leiðari 4
Leiðari 12
Borhola
Laugagerðisskóli
Leiðari 48
Leiðari 4
250 0 250 500 750 1000 m


Hluti 2_3
Hrossholt
MH-237:001_bæjarhóll
Mörk heimatúns samkvæmt túnakorti frá 1920 eru sýnd með brotinni línu. Bæjarhóllinn er afkmarkaður með grænum fleka
68
Peningshús samkvæmt túnakorti frá 1920
Rétt samkvæmt túnakorti frá 1920
67
75 0 75 150 225 300 m



Hluti 2_4
Tillaga1
Leiðari 48
74
74
Á skiplaguppdráttin eru sýndar tillögur að nýjum hnitum sem fjallað er um í niðurstöðum. Breyting hnita var í samráði við ábúenda Jón Oddsson og Eggert Kjartansson oddvita.
Tillaga2
MH-321:003_garðlag
Tillaga3
Mastur
Neiðarlína
75
75
Tillaga4
76
76
Leiðari 12
MH-231:004_tóft
Tillaga5
78
Leiðari 24
78
Leiðari 4
Tillaga6
Kolviðarnes
MH-231:001_bæjarhóll
Ekki varð vart við neinar fornleifar á því svæði sem hér er afmarkað við bleikri brotalínu.
Miðholt
79
100 0 100 200 300 400 m



Hluti 2_5
Mörk heimatúns samkvæmt túnakorti frá 1920 eru sýnd með brotinni línu. Bæjarhóllinn er afkmarkaður með grænum fleka
Peningshús samkvæmt túnakorti frá 1920
Tillaga4
Tillaga5
Tillaga6
77
75
76
78
Leiðari 4
MH-231:001_bæjarhóll
MH-231:003_garðlag
MH-231:004_tóft
Mastur
Neiðarlína
Leiðari 12
Kolviðarnes
100 0 100 200 300 400 m



Hluti 3
106 Stóra-Þúfa
Peningshús samkvæmt túnakorti frá 1920
Mörk heimatúns samkvæmt túnakorti frá 1920 eru sýnd með brotinni línu. Bæjarhóllinn er afkmarkaður með grænum fleka
Leiðari 144
MH-237:001_bæjarhóll
101
101 Miklakoltssel
103
103
100
100
Leiðari 4
100 0 100 200 300 400 m



Hluti 4
Miklaholt
108
109
110
111
Miklaholt 1
Leiðari 24
Leiðari 4
94
98
96
95
Leiðari 4
116
Hausthús
115
Leiðari 4
112
112
Leiðari 12
119
119
120
120
121
121
Skógarnes syðra
122
123
123
500
0
500
1000
1500
2000 m


Hluti 4_1



Miklaholt
108
109
110
111
Tillaga7
Tillaga8
Tillaga9
Tillaga10
Tillaga11
Tillaga12
Bæjarhóll er sýndur með grænum fleka með svartri línu umhverfis
Miklaholt 1
75 0 75 150 225 300 m



Hluti 4_2
Bæjarhóll, tóftir og rústasvæði eru sýnd
með grænum fleka með svartri línu umhverfis.
Upphlaðinn vegur sýndur með grænni línu.
116
116
Hausthús
Hausthú
MH-232:001_útihús_gömul selstaða?
Hér stóð útihús samkvæmt túnakorti frá 1920
en núna stendur þar núverandi íbúðarhús
MH-232:002_bæjarhóll
MH-232:004_kálgarður
MH-232:003_vegur
Tillaga 14
115
útihús samkvæmt túnakorti fár 1920
Tillaga 13
Leiðari 4
75
0
75
150
225
300 m


Hluti 4_3
120
Tillaga að breyttu línustæði er sýnd með fjólublárri línu
Tillaga 15
Tillaga 16
121
peningshús samkvæmt túnakorti frá 1920
Brotin lína sýnir mörk heimatúns samkvæmt túnakorti frá 1920
Tillaga 21
MH-266:003
Tillaga 17
Skógarnes
122
Tillaga 18
MH-266:001
kálgarðar samkvæmt túnakorti frá 1920
MH-266:002
Tillaga 20
kálgarður og heygarður samkvæmt túnakorti frá 1920
Tillaga 19
100 0 100 200 300 400 m



Hluti 4_4
Hausthús
116
115
Leiðari 4
Varða_1
Varða_2
112
Leiðari 12
Varða_3
Varða_4
119
120
121
MH-266:003
Skógarnes
122
MH-266:001
MH-266:002
Syðra-Skógarnes
Varða_5
123
250 0 250 500 750 1000 m


Hluti 5
132
129
250
128
Leiðari 4
251
Vegur
252
134
135
Nýpustaðir íbúðarhús


Hluti 6_1
Leiðari 4
Veiðihús
247
246
253
245
235
234
Leiðari 4
Leiðar
Brotin lína sýnir mörk heimatúns samkvæmt túnakorti frá 1920
Bæjarhús, kálgarðar og útihús samkvæmt túnakorti frá 1920
Dalur
243
243
Peningshús samkvæmt túnakorti frá 1920
100 0 100 200 300 400 m


Hluti 6_2
Múlavirkjun
259
258
257
256
255
254
Leiðari 12
Leiðari 4
Veiðihús
247
246
253
245
234
Leiðari 48
Leiðari 4
Dalur
243
235
236
237
238
239
240
241
Leiðari 12
250 0 250 500 750 1000 m

Hluti 7


Brotin lína sýnir mörk heimatúns samkvæmt túnakorti frá 1920
Bæjarhóll er sýndur með grænum fleka með svartri línu umhverfis
Peningshús samkvæmt túnakorti frá 1920
Hrísdalur
Hrísdalur
Starfsmanna aðstaða
231
230
229
228
227
226
225
223
100 0 100 200 300 400 m